

Nd.

81. Frumvarp

til laga um alþýðutryggingar.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson,
Vilmundur Jónsson.

I. KAFLI.

Um tryggingarskyldu og svið tryggingar.

1. gr.

Tryggingarskyldir samkvæmt lögum þessum eru allir islenskir ríkisborgarar, konur jafnt sem karlar, á aldrinum frá 15 til 65 ára, sem hér á landi framfæra sig með vinnu í þjónustu annara, einstakra manna, félaga, stofnana eða hins opinbera, og þiggja kaup fyrir í peningum eða friðindum, sem meta má til peninga, ef samanlagðar árstekjur þeirra, þar með taldar árstekjur eiginkonu, fara eigi fram úr 4000 krónum auk 500 króna fyrir hvern skylduómaga, ef sá, er í hlut á, er búsettur í Reykjavík, 3300 kr. auk 400 króna fyrir hvern skylduómaga, ef hann er búsettur í öðrum kaupstöðum, og 2700 kr. auk 300 króna fyrir hvern skylduómaga, ef hann er búsettur annarsstaðar á landinu, og skuldlaus eign þeirra eigi nemur yfir 10000 krónum.

Sama gildir um þá, sem ekki er goldið ákveðið kaup, ef aðaltekjustofn þeirra er ávöxtur af vinnu í þjónustu annara, svo sem fiskimenn, sem ráðnir eru upp á hlut úr afla, fólk, sem vinnur ákvæðisvinnu, o. fl. Ennfremur eru iðn-
nemar, verzlunarnemar og aðrir verknemar tryggingarskyldir.

2. gr.

Sérhver sá, sem tryggður er samkvæmt 1. gr., hefir rétt til sjúkrahjálpar fyrir sig og skyldulið sitt, ef sjúkdóm ber að höndum, til slysabóta, ef lög nr. 72, 8. sept. 1931, ná til hans, til lífeyris, ef hann eða hún verður öryrki, til elli-launa eftir að 65 ára aldri er náð, og ef hann er meðlimur í stéttarfélagi innan vébanda Alþýðusambands Íslands, á hann rétt á að fá vinnu, er Alþýðutryggingin veitir styrk til, eða að öðrum kosti atvinnuleysisstyrk, þegar atvinnuleysi ber að höndum, honum sjálfum að ósjálfráðu, allt samkvæmt nánari fyrirmæli-
um þessara laga.

Rétt til þess að tryggja sér sjúkrahjálp, örorkulífeyri og ellilaun með styrk frá ríki, sveitum og bæjum geta aðrir en þeir, sem taldir eru í 1. gr., öðlazi, ef árstekjur þeirra fara ekki fram úr þeim takmörkum, sem sett eru í 1. gr., og þeir sækja um upptöku í frjálsar tryggingar samkvæmt ákvæðunum í VIII. kafla þessara laga og fullnægja að öðru leyti skilyrðum, sem þar eru sett fyrir upptöku í frjálsar tryggingar.

3. gr.

Tryggingarskylda nær ekki til borgara erlendra ríkja, sem hér á landi vinna í þjónustu annara, eða eru ráðnir á islensk skip. Þó skulu vinnukaupendur þeirra

inna af hendi gjöld til alþýðutrygginganna jafnt og þeir, sem hafa tryggingarskylda menn og konur í þjónustu sinni. Ríkisstjórnin getur ákveðið, að borgarar einstakra erlendra ríkja skuli njóta sömu réttinda og þeirra, er íslenzkir ríkisborgarar njóta samkvæmt þessum lögum, hafi samningur náðst við hlutaðeigandi ríki um gagnkvæm réttindi íslenzkra ríkisborgara, þar búsettra.

4. gr.

Sá telst framfæra sig af vinnu í þjónustu annara samkvæmt 1. gr., sem fær helming tekna sinna eða meira fyrir slíka vinnu, þótt hann eða hún jafnframt stundi sjálfstæða atvinnu.

Nú vinnur maður eða kona, sem stundar sjálfstæða atvinnu, um stundarsakir hjá öðrum, og skal þá vinnukaupandi hans eða hennar greiða sömu gjöld til alþýðutrygginganna sem honum bæri að inna af hendi, ef hann hefði tryggingarskyldan mann eða konu í þjónustu sinni, og getur sá, er vinnuna framkvæmir, ef hann eða hún er þátttakandi í frjálsri tryggingu samkvæmt VIII. kafla þessara laga, krafizt þess, að gjaldið verði dregið frá iðgjaldi hans eða hennar til frjálsra trygginga.

Sama gildir um þá, sem hafa hærri tekjur eða eignir en svo, að tryggingarskyldir séu samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Þeir af starfsmönnum ríkisins, sem eiga rétt á lífeyri samkvæmt lögum frá 27. júní 1925, um lífeyrissjóð embættismanna, og ákvæði 1. gr. þessara laga ná til, öðlast öll þau réttindi, sem lögin um alþýðutryggingar veita hinum tryggðu, en missa jafnframt allt tilkall til lífeyris samkvæmt lögum frá 1925.

Sama gildir um barnakennara, sem eiga rétt á lífeyri samkvæmt lögum frá 27. júní 1925, um lífeyrissjóð barnakennara.

Þeir embættismenn og barnakennarar, sem ákvæði 1. gr. þessara laga ná ekki til, skulu eftir að lög þessi öðlast gildi kaupa sér hjá hinu frjálsu alþýðutryggingu, sem sett verður á stofn með þessum lögum, öll sömu réttindi, sem þeim áður bar skylda til að tryggja sér samkvæmt lögum frá 1925 um lífeyrissjóð embættismanna og lögum frá sama ári um lífeyrissjóð barnakennara.

Á þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, skal fara fram uppgerð á lífeyrissjóðum embættismanna og barnakennara, og afhendir ríkið Alþýðutryggingunni allar eignir beggja lífeyrissjóðanna. Jafnframt tekur Alþýðutryggingin á sig allar skuldbindingar gagnvart þeim, er 1. gr. þessara laga nær eigi til.

6. gr.

Nú breytist efnahagur, atvinna, tekjur eða framfærslubungi skyldutryggðs meðlims svo, að ákvæði 1. gr. taka eigi til hans, og skal hann þá, ef hann vill halda rétti sínum til örorkulífeyris og ellilauna, sækja um upptöku í frjálsar tryggingar samkvæmt 47. gr.

II. KAFLI.

Um stjórn Alþýðutryggingarinnar.

7. gr.

Stofnun sú, er annast tryggingarnar, heitir Alþýðutrygging Íslands. Í lögum þessum nefnist hún Alþýðutryggingin.

8. gr.

Hin lögboðna alþýðutrygging er í 4 deildum. Annast ein þeirra sjúkratrygginguna, önnur örorku- og ellitrygginguna og sú þriðja atvinnuleysistrygginguna. Ennfremur skal Alþýðutryggingin, þá er lög þessi öðlast gildi, taka við stjórn Slysatryggingar ríkisins, og verður það fjórða deildin innan Alþýðutryggingarinnar. Hefir hver þessara deilda sérstakt bókhald og fullkomlega aðgreindan fjárhag, enda ber engin deildanna ábyrgð á skuldbindingum annarar.

Á þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, skal fara fram uppgerð á sjóði Slysatryggingar ríkisins, hann afhendast Alþýðutryggingunni og tekur tryggingarstjórnin við stjórn og rekstri Slysatryggingar ríkisins frá sama tíma.

9. gr.

Aðalskrifstofa Alþýðutryggingarinnar er í Reykjavík, en úti um land hefir hún skrifstofur og umboðsmenn, svo víða og á þeim stöðum sem þörf krefur.

10. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn þeirra mála, er heyra undir lög þessi og Alþýðutrygginguna varða. Hann setur reglugerðir samkvæmt þeim og úrskurðar ágreining, er risa kann út af ákvæðum laganna og reglugerða eða framkvæmd þeirra og eigi er útkljáður af tryggingarstjórn eða gerðardómi eða skotið til dómstólanna.

11. gr.

Stjórn Alþýðutrygginganna, sem í lögum þessum nefnist tryggingarstjórnin, skipa 7 menn. Skulu 2 þeirra tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, 2 kosnir af vinnukaupendum og 2 af meðlimum frjálsu tryggingarinnar, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Sjöunda manni skipar atvinnumálaráðherra, og er hann formaður tryggingarstjórnarinnar. Kosning og skipun í tryggingarstjórn gildir til þriggja ára. Ríkissjóður greiðir laun tryggingarstjórnar, en atvinnumálaráðherra ákveður þau.

12. gr.

Um þau mál, er varða hina lögboðnu skyldutryggingu sérstaklega, hafa þeir 2 stjórnarmeðlimir, sem kosnir eru af meðlimum frjálsu tryggingarinnar, eigi atkvæðisrétt. Eigi heldur hafa hinir 4 stjórnarmeðlimir, sem tilnefndir eru af Alþýðusambandi Íslands og kosnir af vinnukaupendum, atkvæðisrétt um mál, er varða frjálsu trygginguna sérstaklega.

13. gr.

Tryggingarstjórnin skal skipuleggja tryggingarnar og stjórna rekstri þeirra samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Hún skal hafa nákvæmt eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt í öllum greinum, safna ýtarlegum skýrslum og færa bækur um öll þau atriði, sem máli skipta við ákvörðun iðgjalda og annars þess, er að starfsemi trygginganna lýtur. Hún ræður forstjóra Alþýðutryggingarinnar, einn eða fleiri, ákveður laun þeirra og setur þeim erindisbréf. Ef hentugt þykir, getur hún ákveðið að ráða sérstakan forstjóra fyrir hverja deild. Hún skal enn fremur ráða fasta tryggingarlækna, umboðsmenn og aðra fasta starfsmenn og ákveða kaup þeirra, semja við aðra lækna og ljósmæður, eftir því sem þörf krefur, um lækna- og ljósmóðurtaxta og við lyfjabúðir um sérstakt lyfjaverð fyrir tryggingarmeðlimi. Hún kveður á um upphæð dagpeninga, örorkulífeyris, ellilauna, slysbóta, styrki til atvinnubóta og rétt hinna tryggðu til styrks eða sjúkrahjálpar og hefir alla yfirstjórn á fjárreiðum Alþýðutryggingarinnar.

Heimilt er tryggingarstjórninni að fela forstjóra og umboðsmönnum, auk venjulegra afgreiðslu- og skrifstofustarfa, það af framangreindum störfum, sem hentugt þykir að fela þeim á hverjum stað og tíma.

14. gr.

Í hverri sveit og kaupstað skal vera þriggja manna nefnd til þess að fylgjast með starfsemi Alþýðutryggingarinnar og gera tillögur um tilhögun hennar hver í sínu umdæmi. Nefndir þessar nefnast tryggingarnefndir.

Af nefndarmönnum skulu tveir kosnir með hlutfallskosningu af sveitar- eða bæjarstjórn, en þann þriðja tilnefna stjórnir verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, þar sem þau eru, en stjórn Alþýðusambandsins þar, sem slík verkalýðsfélög eru ekki.

Kostnaður við störf tryggingarnefnda greiðist af bæjar- og sveitarsjóðum.

15. gr.

Sérhver sá, sem telur sig eiga rétt á að vera skyldutryggðan samkvæmt 1. gr. þessara laga, skal ár hvert fyrir 1. febrúar hafa gert tryggingarnefnd grein fyrir heimili, aldri, hjúskaparstétt, atvinnu, framfærsluþunga, eignum og tekjum á síðastliðnu ári, hve mikið af tekjunum er endurgjald fyrir vinnu í annara þjónustu, hvort hann er ráðinn til ársvistar eða stundar lausavinnu og hver eða hverjir eru vinnukaupendur hans. Ef tryggingarnefnd, sem prófar sannleiksgildi þessara upplýsinga, telur hann vera tryggingarskyldan samkvæmt 1. gr., lætur hún honum í té hók, í forni, sem tryggingarstjórnin ákveður og gildir fyrir eitt ár í senn sem skirteini fyrir réttindum hans gagnvart Alþýðutryggingunni.

Kærum út af úrskurði tryggingarnefndar sendast tryggingarstjórninni eða umboðsmönnum hennar. Þó skal hlutaðeigandi tryggingarnefnd, áður en tryggingarstjórnin kveður upp úrskurð sinn, gefið tækifæri til þess að láta uppi álit sitt í málinu.

Tryggingarnefndir skulu færa skrá yfir alla tryggingarskylda menn og

konur, sem fengið hafa skirteini í umdæmi þeirra. Skulu skrár þessar gerðar í því formi, sem tryggingarstjórnin ákveður, og greina allar þær upplýsingar, sem taldar eru í 1. málsg. þessarar greinar. Afrit af skráum þessum skulu tryggingarnefndir senda tryggingarstjórninni fyrir 1. marz ár hvert. Tryggingarstjórnin getur ákveðið, að hinir tryggingarskyldu færi áður nefndar upplýsingar inn á skirteini sín, og að tryggingarnefnd annist um, að þau skirteini, sem voru í gildi á næstliðnu ári á undan, verði send tryggingarstjórninni. Ef hentugt þykir, getur tryggingarstjórnin enn fremur ákveðið, að vinnukaupendur skuli inna af hendi gjöld sín til Alþýðutryggingarinnar með því að kaupa og lima inn í áður nefnd skirteini tryggingarmerki, sem tryggingarstjórnin gefur út í þeim tilgangi.

16. gr.

Tryggingarnefndirnar skulu hver í sínu umdæmi vera tryggingarstjórn og umboðsmönnum hennar til aðstoðar við öflun upplýsinga um þau atriði, sem máli skipta, þegar ákveða skal rétt þeirra, er sækja um sjúkrahjálp, örorkulífeyri, ellilaun, slysabætur, atvinnu eða atvinnuleysisstyrk.

III. KAFLI.

Um sjúkrahjálp.

17. gr.

Alþýðutryggingunni er skylt að láta í té þeim, er skyldutryggðir eru og hlotið hafa tryggingarskirteini, þá hjálp í veikindum, sem hér er talin:

1. Ókeypis læknishjálp hjá tryggingarlæknum eða öðrum læknum, er tryggingarstjórnin semur við.
2. Ókeypis lyf og umbúðir samkvæmt fyrirsögn tryggingarlæknis, að fullu á sjúkrahúsi og að $\frac{3}{4}$ hlutum utan sjúkrahúss. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. þörf fyrir óvenjulega dýr lyf, er tryggingarstjórninni heimilt að láta Alþýðutrygginguna greiða lyfin að fullu, þótt sjúklingurinn sé eigi á sjúkrahúsi.
3. Ókeypis núdd, böð, ljóslækningar og aðrar sérlæknisaðgerðir, sem tryggingarlæknir telur nauðsynlegar, eftir reglum, sem tryggingarstjórnin setur.
4. Ef veikindin hafa í för með sér, að hinn tryggði verður óvinnufær, greiðir Alþýðutryggingin honum dagpeninga. Upphæð dagpeninga skal vera 5 kr. á dag, auk einnar krónu á dag, ef tala skylduliðs að framfæranda meðtöldum fer fram úr þremur, fyrir hvern fjölskyldumeðlim, sem umfram er. Þó mega dagpeningar eigi fara fram úr $\frac{3}{4}$ af venjulegu dagkaupi hins tryggða við þá atvinnu, er telst aðalatvinna hans, og eigi skerðast svo, að þeir verði lægri en 2 kr. á dag.

Óvinnufær telst sá, sem samkvæmt vottorði tryggingarlæknis getur eigi unnið, eða á á hættu, að sjúkdómurinn versni, ef hann heldur áfram að vinna.

5. Ókeypis ljósmóðurhjálp og læknishjálp, ef nauðsyn krefur, við barnsfæð-

ingu. Ennfremur sængurkonupeninga í allt að 2 vikur fyrir og 6 vikur eftir barnsburð, að upphæð jafna dagpeningum.

6. Styrk upp í útfararkostnað, allt að 200 kr., eftir nánari ákvörðun tryggingarstjórnar.

18. gr.

Eiginkonur eða eiginmenn tryggingarskyldra meðlima og börn þeirra og fósturbörn innan 15 ára aldurs fá hjálp í veikindum samkvæmt eftirfarandi reglum, ef þessar persónur, sem í lögum þessum nefnast skyldulið hins tryggða, eru á framfæri hans:

1. Alþýðutryggingin skal veita skylduliði meðlimanna ókeypis læknishjálp, lyf og læknisáðgerðir samkvæmt sömu reglum og í 17. gr. 1., 2. og 3. tölul. segir.
2. Styrk upp í útfararkostnað, 100 kr. við fráfall eiginkonu eða eiginmanns og 50 kr. við fráfall barns.
3. Sængurkonupeninga, 50 kr. við barnsfæðingu og ókeypis ljósmóðurhjálp og læknishjálp, ef nauðsyn krefur.

Ógift kona, sem býr samvistum með ókvæntum manni, hefir sama rétt til sjúkrahjálpar og eiginkona, ef hún hefir fætt honum barn eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði.

19. gr.

Ef lækning getur eigi farið fram, að dómi tryggingarlæknis, á heimili hins tryggða, skal Alþýðutryggingin sjá sjúklingnum fyrir ókeypis dvöl, læknishjálp og aðhjúkrun á sjúkrahúsi, hressingarhæli eða fæðingarstofnun. Dagpeningar og sængurkonupeningar greiðast eigi á meðan hinn tryggði dvelur á sjúkrahúsi, hæli eða fæðingarstofnun, nema hann hafi fyrir skylduliði að sjá. Þegar svo stendur á, greiðir Alþýðutryggingin fjölskyldupeninga, að upphæð jafna hálfum dagpeningum, ef fjölskyldumeðlimir eru færri en tveir; ef þeir eru tveir eða þrír, nema fjölskyldupeningar $\frac{3}{4}$ af dagpeningum, og fullum, ef fleiri eru.

20. gr.

Alþýðutryggingin greiðir ferðakostnað læknis, ef sjúklingur er eigi fær um að koma á þann stað, þar sem tryggingarlæknir tekur á móti sjúklingum. Ferðakostnaður meðlima og skylduliðs þeirra til læknis eða á sjúkrahús greiðist af Alþýðutryggingunni, ef hinn tryggði sjálfur eða húsbóndi hans gat eigi veitt sjúklingnum fararbeina.

21. gr.

Til læknishjálpar telst útdráttur tanna og tannfyllingar, eftir nánari reglum, er tryggingarstjórn setur.

22. gr.

Ef sjúklingurinn er óvinnufær skemur en 3 daga, greiðast engir dagpeningar, en ef hann er óvinnufær 4 daga eða lengur, greiðast dagpeningar einnig fyrir 3 fyrstu dagana, reiknað frá þeim degi, sem læknis var leitað, nema gild rök séu færð fyrir því, að hann hafi verið óvinnufær fyrir þann tíma.

Dagpeningar, lyf og meðlagskostnaður á sjúkrahúsi greiðist fyrir tryggingarskylda meðlimi í allt að 36 vikur fyrir sama sjúkdóm, sbr. þó 23. gr., þó ekki yfir 26 vikur á samfleyttum 12 mánuðum.

Fyrir skyldulið meðlima greiðist lyf, læknishjálp og sjúkrahúsvist í allt að 26 vikur fyrir sama sjúkdóm.

Meðlagskostnaður á fæðingarstofnun greiðist í allt að 8 vikur fyrir tryggðar konur og konur hinna tryggðu. Dagpeningar greiðast ekki, ef hinn tryggði heldur fullu kaupum meðan hann er óvinnufær. Haldi hinn tryggði hluta af kaupum sínum, má greiða honum dagpeninga eða hluta af þeim, eftir reglum, sem tryggingarstjórnin setur, þó þannig, að kaup og dagpeningar fari aldrei fram úr venjulegum daglaunum í starfsgrein hins tryggða.

23. gr.

Nú hefir skyldutryggður meðlimur fengið alla þá sjúkrahjálpu, sem hann á kröfu á samkvæmt 22. gr., og fær hann þá eigi framar hjálpu frá sjúkratryggingardeild Alþýðutryggingarinnar, ef hann er lengur veikur eða veikist á ný af sama sjúkdómi innan 18 mánaða. Ef hinn skyldutryggði er enn óvinnufær, þegar réttur til sjúkrahjálpar fellur niður samkv. 22. gr., og sjúkdómurinn heyrir ekki undir sérstök lög eða heilbrigðisráðstafanir af hálfu ríkisins, á hann rétt á að fá örorkulífeyri samkvæmt 27. gr. þar til hann verður vinnufær á ný.

24. gr.

Heimilt er tryggingarstjórninni að láta lækna skoða meðlim og skyldulið hans við upptöku og síðar, til þess að ganga úr skugga um, hvort hann er haldinn af varanlegum sjúkdómi eða öðrum sjúkdómi, sem eigi veitir rétt til sjúkrahjálpar frá sjúkratryggingardeild Alþýðutryggingarinnar. Nú veikist tryggingarskyldur meðlimur eða skyldulið hans af sjúkdómi, sem ríkissjóði samkvæmt sérstökum lögum ber að kosta lækningu á, og greiðir Alþýðutryggingin þá eigi þann kostnað. Hafi Alþýðutryggingin greitt kostnað vegna slíkra sjúkdóma, endurgreiði ríkissjóður upphæðina.

25. gr.

Nú þarfnast tryggingarskyldur maður eða kona eða einhver af skylduliði hans lækni- eða ljósmóðurhjálpar, og skal hann þá sýna tryggingarlækni eða ljósmóður, sem Alþýðutryggingin hefir samið við, skirteini fyrir því, að hann hafi rétt til sjúkrahjálpar frá Alþýðutryggingunni.

Tryggingarskyldur maður eða kona, sem gerir kröfu til þess að fá greidda dagpeninga frá Alþýðutryggingunni, skal ásamt umsókn sinni senda til tryggingarnefndar skýrslu um tekjur sínar af vinnu og framfærsluskýldu í byrjun sjúkdómsins og ennfremur um það, hvort hann heldur kaupum sínum eða hefir aðrar tekjur á meðan sjúkdómurinn varir. Umsókninni skal ennfremur fylgja vottorð frá tryggingarlækni um, að hann sé óvinnufær. Eftir að tryggingarnefnd hefir litið eftir, að skýrslan hafi að geyma þær upplýsingar, sem krafizt er, og prófað sannleiksgildi þeirra, skal hún senda umsóknina ásamt skýrslu umsækjanda og vottorði tryggingarlækni til tryggingarstjórnarinnar eða umboðsmanns hennar.

Tryggingarlæknar halda bók um alla tryggingarskylda menn og konur, er til þeirra leita, í því formi, er tryggingarstjórnin ákveður. Ennfremur þer þeim eins fljótt og við verður komið að senda tryggingarstjórn eða umboðsmanni hennar þær tilkynningar, sem tryggingarstjórn telur nauðsynlegar, um hvern einstakan sjúkling, sem fær læknishjálp. Sama gildir um ljósmæður.

IV. KAFLI.

Um slysabætur.

26. gr.

Um slysabætur fer eftir lögum nr. 72, 8. sept. 1931.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að ákveða, að iðgjöld til slysatriggingarinnar verði innheimt ásamt gjöldum til Alþýðutryggingarinnar.

V. KAFLI.

Um örorkulífeyri og ellilaun.

27. gr.

Útborgun örorkulífeyris byrjar þegar hinn tryggingarskyldi verður að staðaldrí óvinnufær, og útborgun ellilauna þegar hann verður fullra 65 ára að aldri.

En varanlega óvinnufær telst sá vera samkvæmt þessum lögum, sem ekki er lengur fær um, við störf, er samsvara líkamskröftum hans og verkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af honum, með hliðsjón af uppeldi hans og undanfarandi starfa, að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilbrigðir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði.

Þeir skyldutryggðir, sem ekki eiga lengur rétt á að fá greidda dagpeninga frá sjúkratryggingardeild Alþýðutryggingarinnar, eiga rétt á, ef þeir eru enn óvinnufærir á þeim tíma, sem greiðsla dagpeninga fellur niður, að fá útborgaðan örorkulífeyri á meðan þeir eru óvinnufærir. Þó er Alþýðutryggingunni eigi skylt að greiða örorkulífeyri til þeirra, sem samkvæmt sérstökum lögum eiga rétt á styrk, aðhjúkrun eða ókeypis vist á berklahælum eða öðrum stofnunum á kostnað ríkisins.

Rétturinn til þess að njóta örorkulífeyris og ellilauna er ennfremur bundinn því skilyrði, að umsækjandi sé tryggingarskyldur á þeim tíma, er hann verður öryrki eða nær að verða fullra 65 ára.

28. gr.

Árlegur örorkulífeyrir og ellilaun nema þeim upphæðum, er hér segir, með frádrætti vegna annara tekna samkvæmt 32. gr.:

1. Til hjóna, sem bæði eru tryggingarskyld og bæði fullnægja skilyrðunum samkvæmt 27. gr., greiðist 1350 kr. í Reykjavík, í öðrum kaupstöðum 1125 kr. og annarsstaðar á landinu 900 kr. Sama gildir um ókvæntan mann,

sem býr með ógiftri konu, ef hún hefir fætt honum barn eða þau búið samvistum lengur en 18 mánuði.

2. Til einhleypinga, manns eða konu, og hjóna, ef aðeins annað þeirra fullnægir skilyrðunum til þess að njóta örorkulífeyris eða ellilauna, greiðist í Reykjavík 900 kr., í öðrum kaupstöðum 750 kr. og annarsstaðar á landinu 600 kr.

29. gr.

Um greiðslu örorkulífeyris og ellilauna til hjóna, þegar maðurinn er tryggingarskyldur en konan eigi, gilda eftirfarandi reglur:

1. Ef maðurinn er öryrki eða fullra 65 ára og konan sömuleiðis er annaðhvort öryrki eða 65 ára að aldri, greiðist sú upphæð, sem gildir fyrir hjón, sem bæði fullnægja skilyrðunum.
2. Ef maðurinn er öryrki eða 65 ára, en konan eigi hefir náð þeim aldri né heldur er öryrki, greiðist sama upphæð og sú, er gildir fyrir einhleypan mann eða konu, þar til konan verður öryrki eða nær 65 ára aldri, en eftir það greiðist sú upphæð, sem gildir fyrir hjón.
3. Ef maðurinn er vinnufær, greiðist eigi örorkulífeyrir eða ellilaun, þótt konan sé öryrki eða hafi náð 65 ára aldri, en sé svo eigi, greiðist sú upphæð, sem gildir fyrir hjón, frá þeim tíma, að maðurinn verður öryrki eða nær 65 ára aldri.

Tilsvarendi reglur gilda um lífeyri hjóna, þegar konan er tryggingarskyld, en maðurinn eigi.

30. gr.

Ekkja eftir tryggingarskyldan mann á rétt á örorkulífeyri frá dánardægri mannsins, ef hún á þeim tíma er öryrki, en annars, hafi hún eigi áður gift sig á ný, frá þeim tíma, er hún verður óvinnufær. Rétt til ellilauna á hún, þegar hún verður 65 ára, hafi hún eigi gift sig á ný.

Tilsvarendi regla gildir um rétt ekkjumanns eftir tryggingarskylda konu til örorkulífeyris og ellilauna.

31. gr.

Ef örorkan hefir í för með sér, að öryrkinn þarfnast stöðugar umömmunar annara, þannig, að hann getur eigi haft ofan af fyrir sér að neinu verulegu leyti, greiðir Alþýðutryggingin honum til viðbótar við örorkulífeyrinn þær upphæðir, sem hér greinir: Í Reykjavík 360 kr., í öðrum kaupstöðum 300 kr. og annarsstaðar á landinu 240 kr. Þegar slíkur öryrki öðlast rétt til ellilauna, fær hann framvegis þessa upphót.

Sömu upphæðir greiðast til viðbótar við ellilaun þeirra, sem náð hafa 75 ára aldri.

Ef hjón, sem búa saman, hvort um sig hafa rétt til þess að fá útborgaða upphót, fellur niður greiðsla á $\frac{1}{4}$ af upphót hvors þeirra.

Hvíli framfærsluskylda barns innan 15 ára á þeim, er nýtur örorkulífeyris eða ellilauna, greiðir Alþýðutryggingin vegna fyrsta barns, í Reykjavík 360 kr., í öðrum kaupstöðum 300 kr. og annarsstaðar á landinu 240 kr. Ef á honum

hvilir full framfærsluskylda fleiri barna innan 15 ára aldurs, greiðist í Reykjavík 240 kr., í öðrum kaupstöðum 200 kr. og annarsstaðar á landinu 160 kr. uppbót fyrir hvert barn, sem umfram er eitt. Þó geta barnaupphætur samanlagðar eigi farið fram úr 1080 kr. í Reykjavík, 900 kr. í öðrum kaupstöðum og 720 kr. annarsstaðar á landinu.

32. gr.

Rétturinn til þess að fá útborgaðar þær upphæðir í árlegan örorkulífeyri og ellilaun, sem taldar eru í 28. gr., er bundinn því skilyrði, að aðrar árlegar tekjur þess, er í hlut á, reiknaðar samkvæmt reglunum í 3. málsgrein, fari eigi fram úr $\frac{1}{3}$ af hinum föstu upphæðum samkvæmt 28. gr.

Ef tekjurnar eru meiri, skal draga frá lífeyrinum samkvæmt 28. gr. og uppbótunum samkvæmt 31. gr., ef nokkrar eru, 60% af þeirri upphæð, sem árstekjurnar eru umfram þriðjung hinna föstu upphæða samkvæmt 28. gr.

Tekjurnar, sem koma til greina, eru reiknaðar samkv. eftirfarandi reglum.

1. Til ársteknanna telst allt það, er hlutaðeigandi á síðastliðnu almanaksári hefir unnið sér inn, sbr. þó 3. tölulið, fastur styrkur frá einstökum mönnum eða opinberum sjóðum, að undanskildum örorkulífeyri og ellilaunum frá Alþýðutryggingunni, eftirlaun og tekjur af eignum, bæði fasteignum og lausafé. Hafi hlutaðeigandi skyndilega misst möguleikann til þess að vinna sér inn það, sem hann áður hafði upp úr vinnu sinni, skal eigi við fyrstu ákvörðun tekið tillit til þess, er hann vann sér inn á síðastliðnu almanaksári. Tekjur af vinnu skulu þá metnar eftir því, sem sanngjarnt er að áætla, að hlutaðeigandi sé fær um að vinna sér inn á þeim stað.
2. Ef hlutaðeigandi á fasteign eða aðrar eignir, skal leggja 5% af samanlögðum eignum hans við árstekjurnar.
3. Af því, sem öryrkjar vinna sér inn sjálfir, skal eigi við ákvörðun ársteknanna tekið tillit til upphæðar, sem nemur allt að 30% af hinum föstu upphæðum samkvæmt 28. gr.
4. Ef aðeins annað af hjónum, sem búa saman, á rétt á að fá útborgaðan örorkulífeyri eða ellilaun, reiknast árstekjurnar vera helmingur af árstekjum beggja; sömuleiðis reiknast viðbótin samkv. 2. tölulið af helmingi af samanlögðum eignum beggja, þó þannig, að lífeyririnn má eigi fara fram úr þeirri upphæð, sem Alþýðutryggingunni bæri að greiða, ef bæði hjónin fullnægðu skilyrðunum til þess að njóta örorkulífeyris eða ellilauna.
5. Eftir að árstekjurnar hafa verið ákveðnar samkv. þessum reglum, er upphæð þeirra gerð deilanleg með 10, þannig að upphæð, er nemur 5 kr. eða meiru, er hækkuð upp í 10 kr., en minni upphæðum sleppt, og gildir sú upphæð, sem þá kemur fram, þegar ákveða skal örorkulífeyri eða ellilaun samkvæmt 1. og 2. málsgrein.

33. gr.

Umsóknir um örorkulífeyri og ellilaun sendist til tryggingarnefndar, þar sem umsækjandi er búsettur. Umsókninni skal fylgja skýrsla, undirrituð af umsækjanda og í því formi, sem tryggingarstjórnin ákveður, með upplýsingum um öll þau atriði, er skipta máli þegar ákveða skal rétt umsækjanda til örorkulífeyris eða ellilauna. Auk þess skulu 2 menn, nákunnugir högum umsækjanda,

undirskrifa yfirlýsingu um, að upplýsingar þær, er skýrslan hefir að geyma, séu sannleikanum samkvæmar. Umsókninni skal ennfremur fylgja, auk skirnarvottorðs, vottorð frá tryggingarlækni um heilbrigðisástand umsækjandans.

Tryggingarnefnd skal á hverjum fundi taka til umræðu allar umsóknir, sem henni hafa borizt, og ber henni að líta eftir, að skýrslurnar hafi að geyma þær upplýsingar, sem krafizt er, prófa sannleiksgildi þeirra og leiðréttá, ef rangar eru, og að því húnu senda umsóknirnar til tryggingarstjórnarinnar eða umboðsmanna hennar.

Tryggingarstjórn sker úr því, hvort umsækjandi á rétt á örorkulífeyri eða eililaunum og ákveður upphæð lífeyrisins.

34. gr.

Tryggingarstjórninni er heimilt að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að tryggingarskyldir menn og konur, eiginmenn þeirra og eiginkonur verði öryrkjar, með því að láta þá læra störf við þeirra hæfi, veita þeim viðeigandi læknishjálp eða sér-læknishjálp, æfa þá við notkun umbúða, gervilima, gleraugna, sjúkragagna og annara tækja, ef fyrirsjáanlegt er, að vanræksla á þessu hafi í för með sér verulega rýrnun á starfsgetu hins tryggingarskylda í nánustu framtíð. Sama gildir um þá, sem þegar eru orðnir öryrkjar, ef líkur eru til, að slíkar ráðstafanir muni geta veitt þeim aftur starfsgetu þeirra eða bætt hana að verulegum mun. Neiti hinn tryggingarskyldi, eða sá, er nýtur örorkulífeyris, að undirgangast slíkar ráðstafanir af hálfu tryggingarstjórnar, getur hún ákveðið, að hann hafi með neitun sinni fyrirgert að nokkru eða öllu leyti réttinum til örorkulífeyris. Þó skal hún jafnan, áður en slík ákvörðun er tekin, senda í ábyrgðarbréfi þeim, er hlut á að máli, tilkynningu um það, hvaða áhrif neitun hans getur haft. Enginn er þó skyldur að láta gera á sér uppskurð, sem getur haft í för með sér hættu á lífi eða limum.

Tryggingarstjórnin getur ennfremur ákveðið, þegar svo stendur á sem í 1. málsg. segir, að veita skyldutryggðum og þeim, er njóta örorkulífeyris eða eililauna, hjálp til þess að byrja sjálfstæða atvinnu, með því að styrkja þá til náms, hóklegs eða verklegs, til þess að kaupa vinnuvélar og veita þeim aðstoð til þess að afla sér vinnu.

Allur kostnaður af ráðstöfunum þessum greiðist af örorkutryggingunni. Sjúkratryggingardeild Alþýðutryggingarinnar ber kostnað við læknishjálp og lyf að $\frac{3}{4}$ til þeirra, er njóta örorkulífeyris og eililauna, og skylduliðs þeirra, ef eigi er að ræða um ráðstafanir af hálfu tryggingarstjórnar til þess að hindra, að þeir verði öryrkjar, eða til þess að auka starfsgetu þeirra, sem þegar eru orðnir öryrkjar.

VI. KAFLI.

Um atvinnutryggingar og atvinnuleysisstyrki.

35. gr.

Allir þeir meðlimir stéttafélaga Alþýðusambands Íslands, er samkvæmt 1. gr. eru tryggingarskyldir, eiga rétt á að fá vinnu, er Alþýðutryggingin veitir styrk

til, þegar atvinnuleysi ber að höndum, eða að öðrum kosti atvinnuleysisstyrk frá Alþýðutryggingunni samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga.

Rétturinn er þó bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi verið meðlimur í stéttarfélagi innan Alþýðusambands Íslands í minnst 26 vikurnar næstu á undan atvinnumissi.

36. gr.

Í hverju bæjar- og sveitarfélagi, þar sem er verkalýðsfélag innan Alþýðusambands Íslands, skal vera þriggja manna atvinnunefnd. Af nefndarmönnum skipar hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag einn, Alþýðusamband Íslands einn og Alþýðutryggingin einn. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi. Störf atvinnunefndar má, ef hentugt þykir, fela tryggingarnefnd. Til þess þarf þó samþykki tryggingarstjórnar.

Hlutverk atvinnunefndar er að visa atvinnulausnum mönnum og konum endurgjaldslaust á allskonar vinnu, aðstoða tryggingarstjórn við söfnun athugana um atvinnuálefni og gera tillögur út af umsóknum um styrk til atvinnubóta.

Nú er fyrirjáanlegt, að atvinnuleysi muni verða í náinni framtíð, ef eigi eru gerðar ráðstafanir af hálfu bæjar- eða sveitarfélags til atvinnubóta, og skal atvinnunefnd þá safna gögnum um málið. Nú sækir bæjar- eða sveitarstjórn um styrk frá Alþýðutryggingunni til atvinnubóta, og skal þá jafnan láta umsögn atvinnunefndar fylgja umsókninni.

37. gr.

Við ákvörðun þess hundraðshluta verkalauna, er vinnukaupendum er skylt að greiða til Alþýðutryggingarinnar samkvæmt 43. gr., skal tekið tillit til væntanlegra útgjalda Alþýðutryggingarinnar vegna greiðslu á atvinnuleysisstyrk á næsta ári. Af samanlögðum tekjum Alþýðutryggingarinnar fær atvinnutryggingarsjóður til fullra umráða hlutfallslega við áætlun.

38. gr.

Heimilt er tryggingarstjórn að veita úr atvinnutryggingarsjóði styrk til bæjar- og sveitarfélaga, er láta vinna að verklegum framkvæmdum til atvinnubóta, ef sýnt þykir, að með því fáið tilsvarendi léttir útgjalda til atvinnuleysisstyrks.

Styrkur til atvinnubóta er bundinn eftirfarandi skilyrðum:

1. Að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag leggi fram eigi minna en 3% kostnaðar við framkvæmdir þær, sem styrktar eru sem atvinnubótavinna.
2. Að þeir, sem eiga rétt á að fá vinnu samkvæmt 35. gr., fyrir tilstuðlun Alþýðutryggingarinnar, hafi forgangsrétt til vinnunnar.
3. Að kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxa, viðurkenndan af verkalýðsfélagi á þeim stað, sem unnið er.
4. Að vinnunni sé úthlutað í samráði við stjórnir verkalýðsfélaga á staðnum.

Nú hefir tryggingarnefnd ákveðið að leggja fram styrk til atvinnubóta bæjar- eða sveitarfélags, og skal þá ríkissjóður ábyrgjast lán til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, að upphæð allt að helmingi þeirrar upphæðar, er því

ber að leggja fram á móti atvinnubótastyrknum, enda sé hlutaðeiganda þörf slíkrar lántöku.

39. gr.

Til þeirra, er samkvæmt 35. gr. eiga rétt á atvinnuleysisstyrk, greiðast dagpeningar, er nema 5 kr. á dag auk einnar krónu fyrir hvern þann, er sá, er nýtur dagpeninga, hefir á sínu framfæri umfram tvo, að honum sjálfum undanskildum. Dagpeningar mega þó eigi fara fram úr $\frac{3}{4}$ af venjulegum verkalaunum í starfsgrein hins tryggða.

Greiðsla dagpeninga byrjar eftir að hlutaðeigandi hefir verið atvinnulaus í 2 vikur, eða ef hann hefir haft skerta vinnu yfir lengra tímabil, þegar tapaður vinnutími nemur sem svarar tveim vikum, þó þannig, að vikulegt vinnutap, er nemur minna en $1\frac{1}{2}$ vinnudegi, telst eigi með töpuðum vinnutíma, heldur einungis það, sem umfram er $1\frac{1}{2}$ vinnudag á viku.

Ef sá, er nýtur styrks í atvinnuleysi, hefir tekjur af lausavinnu, koma þær tekjur að $\frac{3}{4}$ hlutum til frádráttar þegar dagpeningar eru útborgaðir.

Atvinnuþryggingarsjóður á kröfu á endurgreiðslu frá bæjar- og sveitarfélögum á upphæð, er nemur 20% af atvinnuleysisstyrkjum, greiddum atvinnulausum mönnum innan takmarka þeirra.

40. gr.

Atvinnuleysisstyrkur greiðist ekki:

1. Ef atvinnuleysið stafar af sjúkdómi eða örorku, greiðist eigi atvinnuleysisstyrkur á meðan sjúkdómurinn eða örorkan varir.
2. Til þeirra, er yfirgefa vinnu, sem þeir hafa haft, án þess að gild ástæða sé til þess.
3. Til þeirra, er koma sér hjá að vinna þá vinnu, er atvinnunefnd visar á, þó því aðeins, að eigi hvili verkþann eða verkfall á vinnunni, enda sé kaupgjald og vinnutími eigi undir taxa, viðurkenndum af verkalýðsfélagi á þeim stað, er hlutaðeigandi er búsettur.
4. Til þeirra, er hafa vinnu sem svarar $\frac{3}{4}$ af venjulegum vinnutíma.
5. Á meðan verkfall eða vinnubann af hálfu verkamanna stendur yfir, til verkafólks, sem riðið er við það.

41. gr.

Umsóknir um atvinnuleysisstyrk sendast ásamt skilríkjum fyrir rétti umsækjanda til atvinnunefndar, er rannsakar, hvort umsækjandi á rétt á atvinnuleysisstyrk samkvæmt þessum lögum, og sendir umsóknina því næst ásamt fylgiskjölum og eigin umsögn til tryggingarstjórnar eða umboðsmanns hennar.

VII. KAFLI.

Um tekjur tryggingarinnar.

42. gr.

Allan kostnað við sjúkrahjálp, örorkulífeyri og ellilaun til tryggingarskyldra, við atvinnuleysisstyrki samkvæmt 37. gr., svo og önnur útgjöld, sem hvíla á

Alþýðutryggingunni samkvæmt þessum lögum vegna hinna tryggingarskyldu, bera vinnukaupendur, ríkið, sveitir og bæjarfélög í sameiningu, þannig að vinnukaupendur bera $\frac{3}{5}$ kostnaðarins, ríkið $\frac{1}{5}$ og sveitir og bæjarfélög $\frac{1}{5}$, er skiptist samkvæmt ákvæðum 45. gr. Þó fer um kostnað vegna slysatryggingarinnar samkv. ákvæðum laga nr. 72, 8. sept. 1931.

43. gr.

Vinnukaupendur greiða til Alþýðutryggingarinnar fastákveðinn hundraðshluta af verkalaunum allra, er vinna í þeirra þjónustu, og mega þeir eigi við útborgun verkalauna draga upphæðina eða hluta af henni frá verkalaunum fólks, er hjá þeim vinnur, eða færa hana verkafólki sínu til útgjalda.

Atvinnumálaráðherra ákveður ár hvert, eftir tillögum frá tryggingarstjórn, hve mikinn hundraðshluta af verkalaunum vinnukaupendur skuli greiða á næsta almanaksári. Hinn fasta hundraðshluta verkalauna skal ákveða þannig, að væntanleg tillög vinnukaupenda til Alþýðutryggingarinnar á næsta almanaksári vegna tryggingarskyldra, er vinna í þjónustu þeirra, ásamt tillögum ríkissjóðs, sveita og bæjarfélaga, nægi fyrir væntanlegum útgjöldum á næsta almanaksári, er á Alþýðutryggingunni hvíla samkvæmt þessum lögum gagnvart hinum tryggingarskyldu, og gefi jafnframt tilefni til myndunar hæfilegs öryggissjóðs til þess að mæta sveiflum, er verða kunna á útgjöldunum umfram áætluð meðalútgjöld.

44. gr.

Tryggingarstjórnin gerir á ári hverju áætlun um meðalútgjöld þeirra þriggja deilda Alþýðutryggingarinnar, er annast hina lögboðnu sjúkratryggingu, elli- og örorkutryggingu og atvinnuleysistryggingu, og skiptast samanlagðar árs-tekjur Alþýðutryggingarinnar á milli deildanna í sama hlutfalli og er á milli áætlaðra meðalútgjalda þeirra á næsta almanaksári.

Nú hrökkva eigi tekjur eða sjóður einhverrar deildar Alþýðutryggingarinnar fyrir útgjöldunum, og greiðir ríkissjóður þá til bráðabirgða það, sem til vantar, en hlutaðeigandi deild Alþýðutryggingarinnar endurgreiðir það, sem ríkissjóður leggur fram, svo fljótt sem við verður komið.

45. gr.

Tillag ríkissjóðs til Alþýðutryggingarinnar greiðist mánaðarlega fyrirfram samkvæmt áætlun, byggðri á reynslu undanfarandi ára eða öðrum þekktum staðreyndum. Tillög sveita og hæja til Alþýðutryggingarinnar greiðist til bráðabirgða mánaðarlega fyrirfram af ríkissjóði, er innheimtir upphæðina hjá hinum einstöku sveitum og bæjum og annast skiptingu upphæðarinnar á milli þeirra samkvæmt eftirfarandi reglum:

Þriðjungur upphæðarinnar skiptist í hlutfalli við fólkstölu hinna einstöku sveita og bæja samkvæmt síðasta aðalmanntali, þriðjungur í hlutfalli við skattskyldar tekjur í hinum einstöku sveitum og bæjum á næstliðnu ári á undan, og þriðjungur í hlutfalli við verðmæti skattskyldra fasteigna samkvæmt síðasta fasteignamati.

46. gr.

Skylt er vinnukaupendum að færa vinnuskýrslur í því formi, er tryggingarstjórnin ákveður, ennfremur ber þeim í lok hvers mánaðar að senda tryggingarstjórn eða umboðsmönnum hennar skýrslu um þá, er hafa unnið í þjónustu þeirra á síðastliðnum mánuði, og verkalaun hvers þeirra um sig, ásamt tillagi því, sem þeim samkvæmt lögum þessum er skylt að greiða til Alþýðutryggingarinnar.

Tryggingarstjórn og umboðsmenn hennar eiga rétt á að láta rannsaka vinnuskýrslur og bækur vinnukaupenda, til þess að upplýst verði, hve mikið þeim ber að greiða til Alþýðutryggingarinnar.

Heimilt er tryggingarstjórninni að veita þeim, er eigi hafa verkafólk við atvinnurekstur, lengri frest en þann, er settur er í 1. málsgr., á greiðslu þess gjalds, sem þeim er skylt að greiða til Alþýðutryggingarinnar. Þó skulu þeir jafnan um leið og greiðsla fer fram senda tryggingarstjórninni eða umboðsmönnum hennar skýrslu um þá, er hjá þeim hafa unnið á tímabilinu frá því síðasta greiðsla fór fram. Fresturinn má þó eigi vera lengri en 6 mán., og skal tryggingarstjórn, ef hún notar heimild þessa, setja reglur um gjalddaga og annað, er að greiðslunni lýtur.

Tillög vinnukaupenda til Alþýðutryggingarinnar má án undangengins dóms taka lögtaki, ef þau greiðast eigi á réttum gjalddögum.

VIII. KAFLI.

Um frjálsar tryggingar.

47. gr.

Sérhver hér á landi heimilisfastur maður eða kona á rétt á að tryggja sér með frjálsum framlögum hjá hinni frjálsu Alþýðutryggingu hjálp í veikindum, er samsvari þeirri sjúkrahjálpi, er tryggingarskyldir eiga rétt á að fá samkvæmt þessum lögum, örorkulífeyri og ellilaun frá 65 ára aldri. Allir islenskir ríkisborgarar, sem tryggja sér sjúkrahjálpi, örorku- og ellilífeyri hjá hinni frjálsu Alþýðutryggingu, eiga rétt á að fá styrk til tryggingarinnar af almannafé, ef árstekjur þeirra fara eigi fram úr þeim takmörkum, er sett eru í 1. gr. Styrkurinn greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en hinn helminginn greiða sveitir og bæir, er skiptist eftir sömu reglum og settar eru í 45. gr., og nemur hann árlega $\frac{2}{3}$ þeirrar upphæðar, er þessir menn greiða í ársiðgjöld til hinnar frjálsu Alþýðutryggingar. Þó greiðist engum styrkur frá ríki, sveitum og bæjum til þess að tryggja sér hærri dagpeninga, örorkulífeyri eða ellilaun en tryggingarskyldir eiga rétt á að fá samkvæmt þessum lögum.

Þeir, sem hafa hærri árstekjur en í 1. gr. segir, bera kostnaðinn við trygginguna að öllu leyti sjálfir.

48. gr.

Í árlegan örorku- eða ellilífeyri greiðist til þeirra, er til tryggingarinnar njóta styrks af almannafé, ef þeir hafa eigi aðrar tekjur á þeim tíma, er út-

borgun lífeyrisins fer fram, sú upphæð, sem hægt er að kaupa samkvæmt iðgjaldtaxta hinna frjálsu trygginga fyrir framlög þeirra ásamt styrk frá ríki, hægjum og sveitum. Ef þeir hafa aðrar tekjur, lækkar lífeyririnn eftir sömu reglum og settar eru í 32. gr. Þó má eigi lækka lífeyrinn um meira en 40% af þeirri upphæð, sem ákveðin er samkvæmt 1. málsg. Ef skyldutryggður maður eða kona hefir sjálfur tryggt sér örorku- eða ellilífeyri hjá hinna frjálsu Alþýðutryggingu, skal eigi við ákvörðun árstekna hans samkvæmt 32. gr. tekið tillit til upphæðar, er nemur 60% af lífeyrinum samkvæmt 1. málsgrein.

49. gr.

Atvinnuáráðherra setur með reglugerð, í samráði við tryggingarstjórn, reglur um tryggingarskilmála og skilyrði fyrir þátttöku í frjálsri tryggingu; hann ákveður einnig, eftir tillögum frá tryggingarstjórn, iðgjaldtaxta fyrir hina frjálsu Alþýðutryggingu og tekur ákvörðun um það, hvaða athuganir um manndauða og vexti beri að leggja til grundvallar við ákvörðun iðgjalda.

Iðgjöldin ber að miða við áhættuna, þannig að höfuðstólsígildi væntanlegra iðgjalda fyrir hvern áhættuflokk sé jafnt höfuðstólsígildi væntanlegra útborgana, reiknað samkvæmt þeim athugunum, er lagðar eru til grundvallar fyrir iðgjaldaákvörðuninni. Þó miðast iðgjaldtaxti fyrir þá, er samkvæmt 47. gr. eiga rétt á styrk af almannafé til tryggingarinnar, við það, að höfuðstólsígildi væntanlegra iðgjalda ásamt styrk frá því opinhera sé jafnt höfuðstólsígildi væntanlegra útborgana.

50. gr.

Hin frjálsa Alþýðutrygging er í tveim deildum, og annast önnur þeirra sjúkratrygginguna, en hin elli- og örorkutrygginguna. Hvor þessara deilda um sig hefir sérstakt bókhald og algerlega aðgreindan fjárhag, og ber hvorug deildanna ábyrgð á skuldbindingum hinnar.

IX. KAFLI.

Ýms ákvæði.

51. gr.

Tryggingarstjórninni er heimilt, að fengnu samþykki atvinnuáráðherra, að ráða fasta lækna eða semja við héraðslækna, til þess að veita þá læknishjálp, er Alþýðutryggingunni ber að láta í té þeim, er sjúkratryggðir eru. Ef atvinnuáráðherra veitir samþykki sitt til, er tryggingarstjórn heimilt að leigja, kaupa eða reisa sjúkrahús, hressingarhæli, barnahæli, gamalmennahæli og fæðingarstofnanir og starfrækja þau fyrir meðlimi sína og aðra, er til þeirra leita.

Gjaldskrá fyrir sjúklinga, er dvelja á þessum stofnunum og eigi eru meðlimir tryggingarinnar, skal, til þess að fá gildi, vera samþykkt af heilbrigðisstjórninni. Ennfremur er tryggingarstjórninni heimilt, með samþykki atvinnuáráðherra, að setja á stofn lyfjabúð, eina eða fleiri, og starfrækja hana eða þær.

52. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja rétt til örorkulífeyris eða ellilauna; eigi má heldur leggja löghald á lífeyrisgreiðslur eða gera í þeim fjárnám eða lögtak.

53. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum frá 100—10000 krónum; auk þess greiðist fullar skaðabætur, ef brot felur í sér undandrätt á tekjum, er Alþýðutryggingunni her samkvæmt þessum lögum, eða ef Alþýðutryggingin hefir vegna rangra upplýsinga greitt meira en henni er skylt að greiða samkvæmt þessum lögum.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1933. Skipun tryggingarstjórnar og tryggingarnefnda skal þó fara fram með hæfilegum fyrirvara, þannig að nægur tími sé til þeirrar undirhúningsstarfsemi, er skipulagning Alþýðutryggingarinnar hefir í för með sér.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða frv. því, er flutt var á síðasta þingi, og fylgdi því þá svolátandi greinargerð:

Opinber forsjá og alþýðutryggingar er hvorttveggja ennþá harla skammt á veg komið hjá okkur Íslendingum. Að visu mælir stjórnarskráin svo fyrir, að hver sá, sem eigi er fær um að sjá fyrir sér og sínum, skuli eiga rétt á sæmilegum framfærslueyri. En fátækralöggjöfin er ennþá með þeim hætti, að flestir reyna í lengstu lög að komast hjá því að leita fátækrastryks. Sveitarflutningur og mannréttindamissir hefir verið og er enn notað til þess að fæla fátæklinga í lengstu lög frá því að krefjast þess réttar, sem þeim þó ber samkvæmt sjálfri stjórnarskránni, og styrkurinn er jafnan veittur sem ölmusugjafir og náðarbrauð og eftir mati fátækranefndanna á verðleikum og þörf þiggjandans. Berkla- varnalögin mega heita hin einu lög íslenskr um opinbera forsjá, sem sæmileg geta talizt, og slysatryggingalögin eini visirinn til tryggingarlöggjafar, því að „ellistyrkurinn“ er ekkert nema nafnið tómt og styrkur sá, sem sjúkrasamlögum er ætlaður, svo litill, að þau hafa nær engri útbreiðslu náð utan Reykjavíkur, og þar má nú telja, að sjúkrasamlagið sé að þrotum komið.

Fáum þjóðum er þó brýnni þörf ýtarlegrar löggjafar um þessi efni en okkur Íslendingum. Á nokkrum áratugum hafa orðið hér stórfelldari byltingar í atvinnuháttum og lífnaðarháttum en dæmi eru til áður. Þjóðin er ekki lengur bændaþjóð. Fullur helmingur hennar býr nú í kaupstöðum og kaupsúnum. Og mestur hluti þessa fólks á ekki ráð á starfstekjum sínum, en verðnr að lifa á því að selja öðrum vinnu sína. Og allmikill hluti þess fólks, sem vinnur við landbúnað fyrir kaup, hefir þar aðeins atvinnu nokkra mánuði ársins, þegar annrikið er mest.

Þrátt fyrir það, þótt efnahagur þjóðarinnar í heild hafi batnað stórkostlega, er allur meginþorri fólksins gersamlega eignalaus. Aðeins tæp 5000 manns á öllu landinu, eða um 12% af framfærendum, eiga svo miklar eignir, að skattskyldar séu til eignarskatts, þ. e. 5000 krónur. Hinir eiga allir minna, og flestir ekkert eða nær ekkert — nema starfsorkuna, getuna til að vinna. Hún er þeirra eina verðmæti. Glatist hún, eða verði hún verðlaus, er afkoma þeirra og skylduliðs þeirra í voða.

Hjá verkalýðnum, sem ekki á sjálfur ráð starfstækja sinna og selur öðrum vinnuafli sitt, er því bilið örmjótt milli bjargálna og örbirgðar. Slys eða veikindi, sem valda atvinnumissi, þótt um skamman tíma sé, geta þar alveg riðið baggamuninn. Sama er, ef starfsorkan verður verðlaus vegna þess að enginn vill kaupa hana, atvinnuleysi. Sumir geta þraukað nokkrar vikur, aðrir ef til vill fáeina mánuði, en margir ekki nema nokkra daga. Glatist vinnugetan alveg vegna örkumla eða ellilasleika, er oftast ekki annað fyrir en að leita á náðir vina eða vandamanna, sem oft geta litið af mörkum látið, til góðgerðastofnana eða fátækra sjóðanna með þeim afleiðingum, sem því fylgja.

Það er sít ofmælt, að þetta öryggisleysi um afkomu sína og sinna sé ein hin þyngsta byrði verkalýðsins. Ofan á daglegt strit, daglega baráttu við að fullnægja brýnustu þörfum til fæðis, klæða og húsaskjól, bætast sífelldar áhyggjur fyrir komandi degi, kviði og öryggisleysi, meðvitundin um það, að hvað sem út af ber: slys, veikindi, atvinnuleysi, örkuml eða elli, þá eru allar bjargar bannaðar, nema bónbjargar. Ekkert er líklegt til að lama starfsprótt og lífsgleði verkalýðsins en þetta stöðuga öryggisleysi og áhyggjur um afkomu sína og sinna. Og svipað má segja um hina vel flesta, sem vinna fyrir sér með starfstækjum, er þeir sjálfir teljast eiga, nema þeir hafi aðrar eignir fyrir sig að leggja. Bilið er þar oft nokkru breiðara, en allt ber að sama brunni, ef starfsorkan glatast.

Fasteignir og lausafé er yfirleitt tryggt hér eins og hjá öðrum þjóðum. Hús og skip eru tryggð gegn eldsvoða og sætjóni. Búþeningur gegn fellu. Vörur og húsbúnaður gegn hverskonar grandu. En aðalverðmæti, eina verðmæti alþýðunnar, starfsorkan, er ótryggð látin.

Allar menningarþjóðir, að Íslendingum einum undanteknum, hafa sett hjá sér viðtæka löggjöf um alþýðutryggingar og opinbera forsjá. Ýmist eru tryggingar þessar beinlínis löghoðnar eða efnalitlu fólki eru veitt svo mikil hlunnindi, ef það gerist meðlimur slíkra trygginga, að það sér sér það fært og hefir hagnað af því. Viðast hefir þó sú stefna orðið ofan á að löghjóða tryggingarnar að miklu eða öllu leyti, til þess að þær taki til sem allra flestra.

Svo rík áherzla er lögð á þessi mál meðal flestra menningarþjóða, að einmitt menning þjóðanna er nú mæld á þann kvarða, hve langt sé þar komið tryggingarmálum alþýðu, og það talinn órækastur menningarföttur, að slíkar tryggingar séu sem viðtækastar og fullkonnastar. Og þess eru engin dæmi, að þjóð, sem sett hefir lög um almennar alþýðutryggingar, hafi aftur fellt slíka löggjöf niður.

Að visu verður því eigi neitað, að allvíða erlendis, þar sem alþýðutryggingar hafa um langt skeið verið í lögum, finna ýmsir þeim margt til foráttu. En flestar þær aðfinnslur snerta framkvæmd laganna og einstök fyrirkomulags-

atriði öllu fremur en kjarnann sjálfan. Aðalmótbárurnar frá andstæðingum trygginganna eru þær, að tryggingarnar, og þá sérstaklega sjúkratryggingin sé herfilega mitnotuð. Sjálfsagt eru að þessu allmikil brögð við, einkum þó þar, sem atvinnuleysistryggingar eru litlar eða engar. Þar er freistingin að sjálf-sögðu rikust til þess að gera sér upp veikindi og fá dagpeninga þegar atvinnu-laust er. Þar, sem atvinnuleysistrygging er í samilegu lagi, og dagpeningar svipaðir og hjá sjúkratryggingunni, fellur þessi freisting burt af sjálfu sér. Viða eru og lækningar trygginganna ráðnir með þeim kjörum, að þeir fá visst fyrir hvert viðtal, vottorð eða vitjun. Þetta hefir þótt gefast nokkuð misjafnlega. Lækningar eiga þá tekjuvönir sínar undir því, að þeir séu sem eftirlástastir við hina tryggðu og komi sér í mjúkinn hjá þeim, og sá gerir sér von um mesta aðsókn, sem minnstan strangleika sýnir og örastur er á sjúkdómsvottorð. Hefir því sumstaðar verið horfið að því ráði, að ráða lækninga sem fasta starfsmenn trygg-ingarinnar fyrir ákveðið kaup, og þótt gefast vel.

Það, sem jafnan er mest deilt um í sambandi við alþýðutryggingar, er það, hve mikla hjálp og styrki þær skuli láta í té, og hversu kostnaðinum við þær skuli jafnað niður, og enn fremur það, hvort tryggingarnar skuli vera lögboðnar eða frjálssar. Eru um þetta ýmsar reglur og ólíkar í hinum ýmsu löndum.

Kostir trygginganna eru hinsvegar svo augljósir, að um þá verður ekki deilt. Öryrkinn eða gamalmennið, sem langa æfi hefir stritað til að framfleyta sér og sínum og skilað þúsundum í skatta og skyldur til þjóðfélagsins og arði til vinnukaupenda sinna, á nú rétt á ákveðnum lífeyri, en þarf eigi að leggja verð-leika sína og þörf undir mat misjafnra fátækraneftnda og þiggja ölmusur af þeim eða verða fátækum börnum sínum byrði. Sá, sem slasast við vinnu sína, á rétt til ákveðinna slysabóta og læknishjálpar, og atvinnuleysinginn á rétt til ákveðins styrks. Fátæklingnum, sem ekki hefir sjálfur efni á að leita læknis, er tryggð læknishjálpar strax og hann veikist. Við það, að sjúklingarnir strax komast undir læknishendur, ná sjúkir og slasaðir fyrr bata, en með því er starfsorka þjóðarinnar aukin. Þá er það og tryggt, að hinn sjúki fer eigi aftur til vinnu fyrr en hann að dómi læknis er vinnufær. En það er altítt þar, sem engin er sjúkra-trygging, að menn leita eigi læknis fyrr en í ótíma er komið og fara að reyna á sig svo snemma, að þeir ná aldrei fullum bata.

Það segir sig sjálf, að þar, sem alþýðutryggingum er komið í samilegt horf, minnkar kostnaður við aðra opinbera forsjá stórkostlega. Þó geta tryggingar traudla gert opinbera framfærslu með öllu óþarfa. Ýmsar greinar hennar eru svo vaxnar, að ekki verður við komið tryggingarfyrirkomulagi með iðgjaldagreiðslum. Danir, sem að ýmsu leyti standa í fremstu þjóða röð hvað alþýðutryggingar snertir, hafa 2 síðustu ár haft til meðferðar í þjóðþinginu tryggingarmál og opinbera forsjá. Hefir ríkisstjórnin látið endurskoða og gera tillögur til umbóta á löggjöfinni um þessi efni. Eru tillögur hennar þær, að öll lög og ákvæði um alþýðutryggingar verði felld saman í 3 lagabálka. Er sá fyrsti um sjúkra- og örorkutryggingar og ellilaun, annar um slysstryggingar og hinn þriðji um atvinnuleysistryggingar og varnir gegn atvinnuleysi. Jafnframt leggur stjórnin fram frv. til heildarlaga um opinbera framfærslu. Eru þau í 3 aðal-köflum. Fyrsti kaflinn er um framfærslu og uppeldi barna, sem skortir eða hafa

ónóga fyrirvinnu, annar kafli er um framfærslu og umönnun sjúkra, sem tryggingarnar eigi ná til, svo sem berklasjúklinga, sem haldnir eru af varanlegum, smítandi berklasjúkdómi, geðveikra, fábjana, daufdumbra, blindra o. fl., og loks er þriðji kafli um fátækrahjálpi með rétti til styrks eftir ákveðnum reglum og um meðferð og framfærslu drykkjurúta og annara vandræðamanna.

Til fróðleiks skal hér gefið stutt yfirlit yfir framlög Dana til þessara mála allra samkv. frv. stjórnarinnar, og skal þess jafnframt getið, að heildarupphæðin er samkvæmt þeim því nær hin sama og reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, að útgjöldin hafa orðið. En skiptingin er aftur á móti allt önnur og talsvert ólík.

I. Alþýðutryggingar:

1. Sjúkratryggingin	kr. 42500000.00
2. Örorkutryggingin	— 16800000.00
3. Ellilaunin	— 68000000.00
4. Slysatryggingin	— 8600000.00
5. Atvinnuleysistryggingin	— 29800000.00

Samtals kr. 165700000.00

II. Opinber framfærsla:

1. Barnalögin	kr. 15200000.00
2. Sjúkralögin	— 31200000.00
3. Fátækralögin	— 23600000.00
4. Ýmislegt	— 4300000.00

kr. 74300000.00

Samtals kr. 240000000.00

eða því sem næst 300 milljónir íslenskra króna. Svarar þetta til þess, að við Íslendingar legðum árlega fram til þessara mála nálægt 10 millj. króna, þar af um 7 til trygginga og því sem næst 2 til framfærslu barna og sjúkra, sem tryggingar eigi ná til.

Í Englandi og Þýskalandi eru framlög til þessara mála ennþá hærri á hvern íbúa en í Danmörku, í Svíþjóð og Noregi nokkru lægri, en svipuð í Frakklandi samkv. lögum, er þar voru sett 1928.

Til dæmis um það, hvert kapp Norðurlálfþjóðirnar eftir stríðið lögðu á að koma þessum málum í sæmilegt hörf, má geta þess, að í 6 ríkjum tvítugfölduðust framlög ríkjanna til þessara mála árin 1919—1921, en á sama tíma var aukningin á útgjöldum sömu ríkja í heild ekki nema ca. 150%.

Hin síðari ár hefir skilningur almennings og áhugi fyrir alþýðutryggingum hér á landi aukizt mjög og kröfurnar um lagasetningu um þessi efni orðið háværari og háværari. Þingmenn Alþýðuflokksins hafa á nokkrum undanförunum þingum borið fram frv. og tillögur um opinberar aðgerðir í tryggingarmálum. Loks á Alþingi 1930 var samþ. í báðum deildum svólátandi þingsályktun, er þm. Alþýðuflokksins báru fram í neðri deild:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna millipinganefnd

til þess að undirbúa og semja frumvarp til laga um alþýðutryggingar, er nái yfir sjúkra-, elli-, örorku-, slysa- og mæðra- eða framfærslutryggingar.

Nefnd þessi skal jafnframt gera tillögur um ráðstafanir af hálfu ríkis og bæjarfélaga gegn atvinnuleysi og hvort veita skuli stofnun þeirri, sem verður látin annast alþýðutryggingarnar, einkarétt til þess að taka að sér líftryggingar hér á landi.

Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, og skal leggja frv. hennar og tillögur fyrir það“.

Nokkru eftir þinglok skipaði ríkisstjórnin í nefndina: Ásgeir Ásgeirsson, núverandi fjármálaráðh., formann, Jakob Möller og fyrsta flm. þessa frv., Harald Guðmundsson. Nefndin hélt nokkra fundi haustið 1930 og réði Árna Björnsson sem fastan starfsmann, en hann hafði áður verið til þess ráðinn af stjórninni að vinna að undirbúningi ellitrygginga. Árið 1931 hélt nefndin engan fund og nokkru eftir mitt ár var Árni Björnsson látinn hætta störfum.

Þegar sýnt var, að nefndin mundi eigi leggja neinar tillögur fyrir reglulegt þing 1931, tók 1. flm. þessa frv. að vinna að undirbúningi frv., er á þingið kom. Þeim undirbúningi var eigi lokið, er forsætisráðherra sendi þingmenn heim. Á sumarþinginu gafst eigi tóm til að sinna þessum málum, og er því frv. þetta samið og undirbúið að mestu síðan þing kom saman. Er því hér um fljótasmíð að ræða, og má vel vera, að margt megi betur fara ýmsra fyrirkomulagsatriða en til er bent í frv.

Samkvæmt frv. er ætlað til þess, að allar 5 tegundir alþýðutrygginganna: Sjúkratryggingin, slysatryggingin, örorkutryggingin, ellitryggingin og trygging gegn atvinnuleysi, séu felldar saman í eitt kerfi. Margt mælir með því að taka upp þetta fyrirkomulag. Hér í fámenninu yrði langtum kostnaðarsamara og umfangsmeira að hafa hverja grein trygginganna út af fyrir sig með sérstakri stjórn, skrifstofum, reikningshaldi og innheimtu. Hver tryggingin gripur og inn í aðra eða tekur við af annari, og mælir einnig það með því, að yfirstjórn þeirra sé ein og hin sama. Enda er það svo, að allar greinir tryggingarinnar lúta í raun rétttri að hinu sama, því, að tryggja hina tryggðu gegn afleiðingum þess, er starfsorka þeirra glatast um skemmri eða lengri tíma (slysa og sjúkdómar), að fullu og öllu (örorka og elli), eða verður verðlaus vegna atvinnuleysis. Nýjasta löggjöf erlendis í þessu efni beinist og mjög í þá átt að fella tryggingarnar allar saman í eina heild.

Tryggingarskyldan er í frv. aðeins látin ná til þeirra, sem framfæra sig, þ. e. hafa helming tekna sinna eða meira sem laun fyrir störf í þjónustu annara, og er ennfremur bundin við visst hámark eigna og tekna, er miðast við framfærsluþunga og er nokkuð mismunandi í hinum ýmsu landshlutum eftir dýrtið. Mun láta nærri, að tryggingarskyldan, að því er snertir sjúkra-, örorku- og ellitrygginguna, nái til ca. helmings framfærenda og tryggingin því til helmings þjóðarinnar. Slysatryggingin er bundin við vissar atvinnugreinir og atvinnutrygging og atvinnuleysisstyrkur bundinn því skilyrði, að sá, sem í hlut á, sé meðlimur í stéttarfélagi innan Alþýðusambands Íslands.

Alþýðusambandið er samtakaheild íslenzkrar alþýðu, og virðist því einsett fyrir þá, sem telja alþýðusamtökin heillavænleg fyrir verkalýðinn, að efla

þau og styrkja sem best. En jafneinsætt er hitt, að þeir, sem vilja sundra samtökum alþýðunnar og drepa allri sjálfsbjargar- og viðreisnarstarfsemi hennar á dreif, muni berjast fast gegn þessu ákvæði. Meginþorri þess verkalýðs, sem stundar sjómennsku og daglaunavinnu og lausavinnu yfirleitt, er meðlimir verklyðsfélaga innan Alþýðusambandsins, en einmitt þessum stéttum er mest þörf atvinnuleysistrygginga, þar sem atvinna þeirra jafnan er óvissust og stopulust.

Þá gerir frv. og ráð fyrir því, að þeir, sem sjálfstæða atvinnu stunda og búa við svipaðan efnahag og tekjur og hinir, sem tryggingarskyldir eru, skuli hafa rétt til sama styrks frá ríki og bæjar- eða sveitarfélögum, ef þeir kaupa sér sjúkratryggingu eða lífeyri hjá þeirri deild alþýðutryggingarinnar, sem annast frjálsar tryggingar, og þessir aðilar greiða til skyldutryggingarinnar, eða $\frac{2}{3}$ af framlögum hinna tryggðu sjálfra.

Upphæð dagpeninga hinna skyldutryggðu er ákveðin hin sama, hvort sem um er að ræða atvinnumissi vegna slysa, veikinda eða atvinnuleysis. Með lögum um slysatryggingar hefir Alþingi fallizt á 5 króna dagpeninga almennt, með þeim takmörkunum einum, að þeir megi ekki fara fram úr $\frac{3}{4}$ venjulegs dagkaups. Er upphæð þessi lögð til grundvallar við ákvörðun dagpeninga í frv., en aukið við 1 krónu á dag fyrir hvert barn, sem hinn tryggði hefir á framfæri umfram eitt. Hámark er ákveðið $\frac{3}{4}$ dagkaups og lágmark 2 krónur.

Auk dagpeninga lætur sjúkratryggingin hinum tryggðu og skylduliði þeirra í té ókeypis, þegar sjúkdóm ber að höndum, læknishjálp, $\frac{3}{4}$ lyfja- og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss og allan í sjúkrahúsi, sérلæknisaðgerðir eftir nánari reglum og dvöl, læknishjálp og aðhjúkrun í sjúkrahúsum eða hressingarhælum, ef þess gerist þörf, en þá fellur jafnframt niður greiðsla dagpeninga, ef um einhleypa er að ræða. Ennfremur greiðir hún útfararstyrk, ljósmóður- og læknishjálp við barnsfæðingar og dagpeninga til sængurkvenna.

Á slysatryggingalögnum eru engar breytingar gerðar aðrar en þær, að slysatryggingin er gerð að sérstakri deild í alþýðutryggingum og atvinnumálaráðherra heimilað að ákveða, að iðgjöld til hennar skuli innheimt með öðrum tekjum alþýðutryggingarinnar. Þar sem slysatryggingalögin í sinni núverandi mynd eru frá sumarþinginu 1931, þóttu engar líkur til, að á þeim fengjust nú nokkrar verulegar breytingar til bóta.

Lífeyrir gamalmenna frá 65 ára aldri og öryrkja er ákveðinn jafn: 900 kr. í Reykjavík, 750 kr. í öðrum kaupstöðum og 600 kr. í sveitum fyrir einhleypan mann eða konu, en 50% hærri, ef um hjón er að ræða. Öryrki telst sá, sem glatað hefir hálfri starfsgetu sinni eða meiru. Geti öryrki ekki haft ofan af fyrir sér að neinu verulegu leyti eða þurfi umönnunar við, hækkar lífeyririnn upp í 1260 kr. í Reykjavík, 1050 kr. í öðrum kaupstöðum og 840 kr. í sveitum. Lífeyrir gamalmenna, sem náð hafa 75 ára aldri, hækkar og upp í sömu upphæð. Upphæð þessi er miðuð við það, að gamalmennið eða öryrkinn geti keypt sér vist í góðu hæli eða greitt fyrir sig hjá vinum eða skyldmönnum, og þó haft nokkra aura afgangis til annars. Þá er og gert ráð fyrir nokkurri uppbót til þeirra, er hafa börn á framfæri, 360 kr. í Reykjavík fyrir fyrsta barn, 300 kr. í öðrum kaupstöðum og 240 kr. í sveitum. Séu börnin fleiri, hækkar uppbót fyrir

hvert þeirra um þriðjung. Gera flm. ráð fyrir, að í væntanlegum löguum um framfærslu barna, sem eru fyrirvinnulaus eða hafa ónóga fyrirvinnu, verði settar reglur um framfærslueyri til barna öryrkja og efnalausra manna, sem eiga t. d. fleiri börn en 4, samhliða ákvæðum um framfærslueyri til ekkjubarna og mun-aðarleysingja. Reglur um frádrátt frá lífeyri vegna eigin tekna eða eigna eru samkv. því, sem almennt tíðkast þar, sem slíkur lífeyrir er lögfestur.

Þá er og til þess ætlazt, að tryggingarstjórnin skuli gera allar þær ráð-stafanir, sem unnt er, til þess að forða mönnum frá því að verða öryrkjur (sbr. 34. gr.) og jafnframt láta kenna fötluðum mönnum störf við þeirra hæfi. Líf-eyrisnjótendur hafa og samkv. frv. sama rétt til sjúkrahjálpar og meðlimir skyldutryggingarinnar.

Flm. þessa frv. lita svo á, að hér á landi, þar sem fjöldi óunninna nauð-synlegra framkvæmda biður í hverri sveit og hverju kaupúni og kaupstað. ætti eigi að vera þörf atvinnuleysisstyrkja, er nokkru verulegu nemi, ef ríkisstjórn og sveitar- og bæjarfélög legðust á eitt um það að haga svo opinberum framkvæmdum, að þær jafni atvinnu milli ára og árstíða. En við því verður að gera, sem er. Verður því við ákvörðun idgjalda til atvinnutryggingarsjóðs að gera ráð fyrir, að um engar slíkar opinberar framkvæmdir til atvinnujöfnunar eða atvinnubóta sé að ræða. Hinsvegar er til þess ætlazt samkv. frv., að atvinnutrygg-ingarsjóði sé fyrst og fremst ætlað það hlutverk að fyrirbyggja atvinnuleysi, með því að veita styrk, allt að $\frac{2}{5}$ kostnaðar, til atvinnubótaframkvæmda, enda ábyrgist þá og ríkið lán til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, er nemi helm-ingi af framlagi þess til atvinnubótanna. Með þessu eru þeim sveitar- og bæjar-félögum, sem halda vilja uppi atvinnubótaframkvæmdum, boðin þau vildar-kjör, $\frac{1}{10}$ kostnaðar sem styrkur og $\frac{3}{10}$ sem lán með ríkisábyrgð, að telja má víst, að flest kjósi heldur að halda uppi atvinnubótum en að greiða atvinnu-leysisstyrk að $\frac{1}{5}$ hluta (sbr. 39. gr., síðasta málsg.) auk framlags síns til trygg-inganna. Vinnst þá tvennt í senn: Bót við atvinnuleysi og framkvæmd nauð-synjaverka, sem ella biðu svo árum skipti eða áratugum. Sé hinsvegar hinum tryggðu eigi séð fyrir vinnu, eiga þeir rétt á dagpeningum, er þeir hafa verið atvinnulausir 2 vikur eða lengur, eins og fyrr er sagt.

Kostnað við skyldutryggingarnar bera samkv. frv. ríki, sveitar- og bæjar-félög og vinnukaupendur í félagi. Vinnukaupendur greiða $\frac{1}{10}$ kostnaðarins, en hinir tveir aðilarnir til samans $\frac{1}{10}$. Skyldutryggingin nær aðeins til eignalausss lágtekjufólks, sem selur öðrum vinnu sína og flestu er með öllu um megn að greiða sjálfst kostnað við tryggingarnar. Auk hinna almennu ástæðna fyrir því, að verkalýðnum séu veittar slíkar tryggingar gegn afleiðingum ósjálfráðs at-vinnumissis, eru hér á landi fyrir hendi alveg sérstakar ástæður. Megintekjur ríkissjóðs eru teknar með tollum á nauðsynjar almennings, og greiðir því verka-lýðurinn í raun réttu framlag ríkisins til trygginganna. Með gengislækkun ís-lenzku krónunnar er kaupgjald verkafólks lækkað, og á þó sjálfsagt eftir að lækka enn, vegna hækkandi verðlags á nauðsynjum. Sú lækkun kemur aftur fram sem hagnaður hjá vinnukaupendum, sem íslenzkar afurðir selja, og nemur áreiðanlega meiru en þeirri óbeinu launahækkun, sem verkalýðurinn fær með tryggingunum.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að iðgjöld til allra greina skyldutryggingarinnar séu miðuð við það, að þau nægi til að standast áætluð meðalútgjöld hvers árs og mynda hæfilega varasjóði til þess að mæta sveiflum, er verða kunna umfram meðalútgjöld. Þessari reglu er almennt fylgt um slysa-, sjúkra- og atvinnuleysistrygginguna. En um örorku- og ellitrygginguna gegnir nokkuð öðru máli. Viðast hvar erlendis, þar sem um slíkar tryggingar er að ræða, eru iðgjöld til þeirra miðuð við það, að sjóður safnist, er nægi til að mæta á hverjum tíma þeim skuldbindingum, er á tryggingunni hvíla. Eru þá iðgjöldin oftast mishá, eftir aldri hinna tryggðu, eða þá að upphæð lífeyris er látin fara eftir iðgjaldagreiðslum hvers manns. Af sjóðsmýnduninni leiðir aftur það, að tryggingin fær nokkrar vaxtatekjur og getur þá ákveðið iðgjöldin nokkru lægri með hliðsjón af þeim.

Þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að tryggingin taki þegar til allra tryggingarskyldra á aldrinum 15—65 ára og að enginn munur sé gerður á iðgjöldum vegna aldurs hinna tryggðu, þótti flm. þó ekki ástæða til að setja aðrar reglur um sjóðsmýndun elli- og örorkutryggingarinnar en hinna annara greina alþýðutryggingarinnar, enda er nokkuð tvísýnt um gagnsemi slíkra sjóða, þar sem reynslan hefir sannað, að raunverulegt verðgildi peninga móts við nauðsynjar fer yfirleitt lækkandi, og auk þess stórfelldar gjaldeyrissveiflur orðnar næsta tíðar.

Afleiðing þessa er sú, að kostnaður við örorku- og ellitrygginguna verður í byrjun tiltölulega mjög lítill, en fer ört vaxandi fyrstu 10 árin, og heldur enn áfram að vaxa nokkuð úr því, að öðru óbreyttu.

Flm. líta líka svo á, að ef stefnt skal að því að mynda sjóð til þess að standast að meira eða minna leyti kostnað af framfærslu öryrkja og gamalnienna, þá séu ýmsar leiðir aðrar en iðgjaldagreiðslur færar til þess að afla slíkum sjóði tekna. Með því að afnema allan arf til útarfa, t. d. til allra annara en þess hjóna, er lifir hitt, og niðja og forfeðra og ef til vill að einhverju leyti til systkina eða barna þeirra, og láta það fé renna í slíkan sjóð, myndi óefað safnast allmikið fé á tiltölulega skömmum tíma. Þetta virðist og í alla staði eðlilegt og í samræmi við fornar réttarvenjur, þar sem saman fór erfðaréttur og framfærsluskylda. Framfærsluskylda nær nú hjá einstaklingum aðeins til barna og foreldra, og mikill hluti hennar er því kominn á hið opinbera, sem þá ætti og að vera arftaki í stað útarfanna, sem engar slíkar skyldur hafa. Á fleiri leiðir mætti og benda til þess að afla slíkum sjóði tekna.

Samkvæmt áætlun Árna Björnssonar cand. polit., sem prentuð er hér með sem fylgiskjal, eru útgjöld alþýðutryggingarinnar á fyrsta ári áætluð 4 millj. og 300 þús. kr., auk útgjalda slysatryggingarinnar, sem engin breyting er gerð á, en iðgjöld til hennar voru árið 1929 um 360 þús. krónur. Samkvæmt áætlun Árna hækka svo útgjöldin ár frá ári vegna örorku- og ellitryggingarinnar, og verða eftir 5 ár komin upp í 5 millj. 780 þús. kr., en eftir 10 ár um 7 millj. 170 þús. krónur. Áætlun þessi er vitaskuld að miklu leyti byggð á líkum einum, en hvort sem borið er saman við erlenda reynslu eða þá litlu innlendu reynslu, sem til er, virðist hún vera mjög rifleg. Er því fremur ástæða til að ætla, að útgjöldin verði minni en að of naumt sé áætlað.

Samkvæmt þessu yrði framlag ríkis og bæjar- og sveitarfélaga hvors um sig um 860 þús. kr. á fyrsta ári, er færi hækkandi upp í 1430 þús. eftir 10 ár. En framlög sveitar- og bæjarfélaga til fátækramála einna saman námu árið 1926—1927 yfir 1600 þús. krónum og hafa hækkað verulega síðan. Mikið af fátækraframfærslunni mundi alveg hverfa þegar tryggingarnar væru komnar á. Árleg útgjöld ríkissjóðs til heilbrigðismála og styrktarstarfsemi hafa undanfarin ár numið hátt á 2. millj. króna. Þessi útgjöld myndu lækka stórkostlega, ef alþýðutryggingarnar kæmust á. Gera má ráð fyrir, að starf héraðslækna og tryggingalækna yrði sameinað í flestum mannfærri læknishéruðunum að minnsta kosti, og myndi þá tryggingin sennilega greiða talsvert meiri hluta af launum þeirra en launahækkun næmi (sbr. áætlun Á. Bj.). Auk þess myndi einhver talsverður hluti berklakostnaðarins færast á tryggingarnar o. fl., o. fl.

Að svo stöddu er eigi unnt að gera áætlun um það, hve mikið myndi draga úr útgjöldum ríkis og bæjar- og sveitarfélaga vegna trygginganna, en enginn efi er á því, að fyrstu árin a. m. k. myndi það nema meiru en sem svarar framlagi þessara aðila til trygginganna, enda verður að gera ráð fyrir því, að ríki og bæir myndu sjá sóma sinn í því, ef frv. þetta yrði samþykkt, að greiða þá efnalausum öryrkjum og gamalmönnum, sem tryggingin eigi nær til, jafnan lifeyri og hún greiðir hinum tryggðu.

Framlag vinnukaupenda yrði samkv. sömu áætlun um 2 millj. 580 þús. kr. á fyrsta ári, er færi hækkandi upp í ca. 4 millj. 300 þús. eftir 10 ár. Árlegar launagreiðslur til skyldutryggðs fólks eru í skýrslu Á. Bj. áætlaðar um 50 millj. króna. Verður þá hundraðshluti sá, er vinnukaupendum ber að greiða af vinnulaununum til alþýðutryggingarinnar, um 5% fyrsta árið og fer hækkandi upp í rúmlega 8% eftir 10 ár, að öðru óbreyttu. Virðist þetta riflega áætlað, þar sem ekkert tillit er tekið til hundraðsgjaldsins af launum fólks, sem hefir yfir tekjumark skyldutryggingarinnar.

Gerum ráð fyrir, að höfuðmótbáran gegn frv. þessu verði sú, að undir kostnaðinum verði ekki risið. En ef rétt er athugað, er hér um engan eða nær engan viðbótarkostnað að ræða við þann, sem nú er borinn. Atvinnuleysingjar, sjúklingar, örkumla menn og öryrkjar og óvinnufær gamalmenni, sem ekki eiga eignir fyrir sig að leggja, eru nú framfærðir ýmist af vandafólki, sveitar- og bæjarfélögum eða lifa á beinum eða óbeinum bónbjörgum, og það gerist ekki kostnaðarlaust. Munurinn er sá einn, að í frv. þessu eru settar ákveðnar reglur um, hvernig kostnaðinum er skipt niður, og þeim, sem styrksins njóta, veittur réttur til ákveðinnar upphæðar, í stað þess, að nú er hann veittur sem ölmusa til gustukamanna.

Vitanlega flytja flutningsmennirnir frv. með það fyrir augum, að kjör þurfandi alþýðu verði stórum betri eftir en áður. En því verður komið til leiðar meira fyrir fullkomnara skipulag en aukin útgjöld.

Fylgiskjal.

Samkvæmt tilmælum Haralds Guðmundssonar alþingism. hefi ég tekizt á hendur að gera yfirlit yfir kostnað á næstu 10 árum við frumvarp það til laga um alþýðutryggingar, er þm. Alþýðuflokksins flytja á þessu þingi.

Kostnaðaráætlun sú, er hér fer á eftir, er að nokkru leyti byggð á ágizkunum, þar sem upplýsingar eru eigi fyrir hendi um mörg atriði, sem lúta að þessum málum. Hinsvegar hefi ég, þar sem nokkur tók hafa verið á, stuðzt við þær beztu athuganir, sem fáanlegar eru, og annars, þar sem ekkert er við að styðjast, gert mér far um að komast sem næst því, er mér þykir sennilegast.

Athuganir um atvinnuskiptingu eru því miður ekki til nýrri en frá manntalinu 1920, en samkvæmt því var tala verkafólks og aðstoðarfólks í ýmsum atvinnugreinum eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Tafla 1.

Skipting eftir atvinnugrein.

	Menn	Konur
1. Aðstoðarfólk við landbúnað	208	4
Verkafólk við landbúnað	6752	1768
2. Aðstoðarfólk við fiskveiðar	989	6
Verkafólk við fiskveiðar	4542	735
3. Aðstoðarfólk við handverk og iðnað	199	30
Verkafólk við handverk og iðnað	2098	1032
4. Aðstoðarfólk við verzlun og samgöngur	1179	462
Verkafólk við verzlun og samgöngur	2026	162
5. Heimilishjú	35	6028
Samtals	18028	10227

Skipting eftir aldri.

Aldur	Menn			Konur		
	Fjölskyldum.	Einhleypir	Samtals	Fjölskyldum.	Einhleypir	Samtals
Innan 16 ára	5	665	670	1	458	459
16—20 —	102	3857	3959	19	2086	2105
21—29 —	1339	4956	5395	125	2659	2784
30—44 —	2567	1409	3976	315	1669	1984
45—59 —	1825	684	2509	192	1555	1747
60—69 —	638	520	1158	24	774	798
70 og eldri	117	182	299	11	293	304
ótilgr.	19	43	62	1	45	46
Samtals	6612	11416	18028	688	9539	10227

Þessi tafla nær þó aðeins yfir framfærendur, en konur framfærðar af verkafólki og aðstoðarfólki voru ca. 5000 tals og börn innan 15 ára aldurs ca. 11000.

Þar sem gera má ráð fyrir, að þetta fólk allt hafi tekjur undir því hámarki, er sett er í 1. gr. frumvarpsins, tel ég heppilegast að miða áætlun um væntanlegan kostnað við það, að þessi flokkur og aðrir eigi falli undir skyldutrygginguna. Þá er að visu eigi talinn með sá flokkur manna, er stundar ólíkamlega atvinnu, en tala framfærenda í þeim flokki er samkvæmt manntalinu 1920 1777, eða tæp 6% af tölu framfærenda meðal verkafólks og aðstoðarfólks. Af þeim flokki, er stundar ólíkamlega vinnu, má telja víst, að nokkur hluti komi eigi undir tryggingarskylduna samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, en hve mikill hluti það verður, er ekki unnt að segja með nokkurri vissu, og tel ég því heppilegra að taka á annan hátt tillit til kostnaðarins vegna þeirra, er til þessa flokks teljast og heyra undir 1. gr. frumvarpsins.

Undir tryggingarskylduna koma samkvæmt frumvarpinu allir á aldrinum 15—64 ára, með tekjum undir vissu hámarki, og hefi ég því, þar sem tafla 1. eigi ber með sér, hve margir eru á þessum aldri, skipt aldursflokknum 60—69 ára í samræmi við aldursskiptingu á öllu landinu við manntalið 1920. Eftirfarandi tafla sýnir aldursskiptingu framfærenda meðal aðstoðarfólks og verkafólks á aldrinum 15—64 ára.

Tafla 2.

Aldur	Menn	Konur
Innan 16 ára	670	459
16—20 —	3959	2105
21—29 —	5395	2781
30—44 —	3976	1984
45—59 —	2509	1747
60—64 —	625	423
	Samtals 17134	9502

Eins og taflan ber með sér, er tala karlmanna á þessum aldri 17134 og kvenna 9502. Ánk þess teljast til þessa flokks, sem hér verður kallaður verkafólk, ca. 5000 giftar konur framfærðar af verkafólki. Að visu eru nokkrar af þessum konum yfir 65 ára, en eigi hefi ég séð ástæðu til þess að aðgreina þær við útreikning á tölu öryrkjanna, né heldur við útreikning á tölu þeirra af þessum flokki, sem á rétt á ellilaunum samkvæmt frumvarpinu, þar sem kostnaðaráætlunin verður heldur fyrir ofan það, sem vænta má, að reynslan leiði í ljós, ef þeirri aðgreiningu er sleppt.

Það, sem þá liggur fyrir, er að gera áætlun um það, hve margir verði öryrkjar af þeim 17134 mönnum og 14500 konum. Athuganir hafa eigi verið gerðar um þetta efni hér á landi, og hefi ég því valið öryrkiskvóta og öryrkjamann-dauðakvóta þá, er lagðir eru til grundvallar við elli- og örorkutryggingarnar sænsku, og reiknað út tölu öryrkjanna meðal karla og kvenna samkvæmt þeim tölum.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðuna:

Tafla 3.

Öryrkjar yngri en 65 ára:

	Menn	Konur
Í lok 1. árs	104	137
— 2. —	184	251
— 3. —	251	350
— 4. —	303	436
— 5. —	346	511
— 10. —	463	771

Samkvæmt þessum útreikningi ætti tala þeirra, er verða öryrkjar árlega, að vera nálægt 241, þar af 104 karlmenn. Þessi tala er auðvitað háð tilviljanlegum sveiflum, en á meðan flokkurinn er jafnfjöldmennur og eins að samsetningu, verða væntanlegar sveiflur upp á við og niður á við nokkurnveginn jafntíðar, þannig að meðaltalið helst óbreytt.

Til þess að finna tölu þeirra af verkafólki, sem eldri verða en 65 ára og fá ellilaun samkvæmt frumvarpinu, er nauðsynlegt að skipta 2 síðustu aldursflokkunum í töflu 2. í eins árs aldursflokk. Þessa skiptingu hefi ég gert með hliðsjón af eins árs aldursskiptingu á öllu landinu samkvæmt manntalinu 1920. Þannig að hlutföllin eru hin sömu. Í töflu 2. eru þó eigi meðtaldar konur framfærðar af verkafólki, og hefi ég því aukið við 922 konum á aldrinum 45—59 ára og 223 á aldrinum 60—64 ára. Þessi aldursskipting framfærðra kvenna er í samræmi við aldursflokkaskiptingu vinnandi kvenna samkvæmt töflu 2. Þar sem einungis þeir, sem eru eldri en 54 ára þegar frumvarpið verður að lögum, hafa möguleika til þess að ná þeim aldri á næstu 10 árum, sem réttur til ellilauna er hundinn við samkvæmt frumvarpinu, nægir að þekkja eins árs aldursflokkana frá og með 55 ára aldri. Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðna af skiptingunni:

Tafla 4.

Verkafólk eldra en 54 ára:

Aldur	Menn	Konur
55 ára	172	182
56 —	171	179
57 —	165	174
58 —	154	170
59 —	143	157
60 —	137	139
61 —	129	132
62 —	124	127
63 —	120	125
64 —	115	123
	Samtals 1430	1508

Tala þeirra, sem verða á lífi eftir 1. ár, 2 ár o. s. frv., fæst með því að margfalda tölurnar í hverjum aldursflokki með líkunum til þess að lifa 1 ár, 2 ár o. s. frv. að auki. Þessar líkur eða lifendakvóta hefi ég reiknað samkvæmt manndauða-töflu, er ég hefi gert samkvæmt skýrslum hagstofunnar um manndauða á Íslandi á árunum 1911—15 og með hliðsjón af manntalinu 1920. Eftirfarandi tafla sýnir, hve margir verða á lífi af aldursflokkinum samkvæmt töflu 4. eftir að 65 ára aldri er náð:

Tafla 5.

Aldur	Menn						
	Eftir 0 ár	Eftir 1 ár	Eftir 2 ár	Eftir 3 ár	Eftir 4 ár	Eftir 5 ár	Eftir 10 ár
55 ára	172	„	„	„	„	„	„
56 —	171	„	„	„	„	„	„
57 —	165	„	„	„	„	„	„
58 —	154	„	„	„	„	„	„
59 —	143	„	„	„	„	„	„
60 —	137	„	„	„	„	„	„
61 —	129	„	„	„	„	„	„
62 —	124	„	„	„	„	„	„
63 —	120	„	„	„	„	„	„
64 —	115	„	„	„	„	„	„
65 —	„	111	112	112	113	117	132
66 —	„	„	108	109	109	111	130
67 —	„	„	„	106	106	107	125
68 —	„	„	„	„	102	101	116
69 —	„	„	„	„	„	99	106
70 —	„	„	„	„	„	„	100
71 —	„	„	„	„	„	„	92
72 —	„	„	„	„	„	„	87
73 —	„	„	„	„	„	„	82
74 —	„	„	„	„	„	„	76
	1430	111	220	327	430	535	1046

Aldur	Konur						
	Eftir 0 ár	Eftir 1 ár	Eftir 2 ár	Eftir 3 ár	Eftir 4 ár	Eftir 5 ár	Eftir 10 ár
55 ára	182	„	„	„	„	„	„
56 —	179	„	„	„	„	„	„
57 —	174	„	„	„	„	„	„
58 —	170	„	„	„	„	„	„
59 —	157	„	„	„	„	„	„
60 —	139	„	„	„	„	„	„
61 —	132	„	„	„	„	„	„
62 —	127	„	„	„	„	„	„
63 —	125	„	„	„	„	„	„

Aldur	Eftir 0 ár	Eftir 1 ár	Eftir 2 ár	Konur			
				Eftir 3 ár	Eftir 4 ár	Eftir 5 ár	Eftir 10 ár
64 ára	123	„	„	„	„	„	„
65 —	„	120	119	118	121	125	154
66 —	„	„	117	117	117	119	150
67 —	„	„	„	116	115	115	145
68 —	„	„	„	„	113	113	140
69 —	„	„	„	„	„	111	128
70 —	„	„	„	„	„	„	112
71 —	„	„	„	„	„	„	104
72 —	„	„	„	„	„	„	98
73 —	„	„	„	„	„	„	94
74 —	„	„	„	„	„	„	91
	1508	120	236	351	466	583	1216

Taflan sýnir, að í lok 1. ársins verða 111 menn og 120 konur yfir 65 ára á lífi. Í lok 2. árs verða á lífi 220 karlmenn og 236 konur yfir 65 ára, o. s. frv. Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðuna samkvæmt töflu 3. og 5., eða tölu þeirra, sem eiga rétt á að fá útborgaðan örorkulífeyri eða ellilaun samkvæmt frumvarpinu:

Tafla 6.

	Yfir 65 ára		Örorkulífeyri yngri en 65 ára		Samtals
	Menn	Konur	Menn	Konur	
Í lok 1. árs	111	120	104	137	472
— 2. —	220	236	184	251	891
— 3. —	327	351	251	350	1279
— 4. —	430	466	303	436	1635
— 5. —	535	583	346	511	1975
— 10. —	1046	1216	463	771	3496

Nú liggur beinast við að margfalda tölu þeirra, sem eiga rétt á örorkulífeyri eða ellilaunum, með meðallífeyrisupphæð. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að örorkulífeyrir og ellilaun breytist þegar lífeyrisnjótandinn hefir aðrar tekjur yfir visst lágmark, en af því leiðir, að meðalupphæð árlegs lífeyris er komin undir því, hve miklar verða tekjur öryrkjanna og þeirra, er njóta ellilauna. Þar sem engar athuganir eru fyrir hendi um tekjuskiptinguna eftir aldri og allar ágizkanir um það hljóta að verða út í bláinn, tel ég heppilegast að reikna með hinum föstu upphæðum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að greiddar verði í árlegan örorkulífeyri og ellilaun. Kostnaðaráætlunin verður við það nokkuð hærri heidur en vænta má, að raun beri vitni um.

Nú gerir frumvarpið ráð fyrir, að lífeyrisupphæð sé breytileg eftir dvalarstað lífeyrisnjótandans, en fyrir því má gera með því að nota hlutföllin á milli fólksfjölda þeirra staða, sem frumvarpið gerir greinarmun á, við útreikning á meðalupphæð lífeyris.

Nú lætur nærri, að hlutföllin milli íbúatölu Reykjavíkur, annara kaup-

staða og sveita með verzlunarstöðum séu 25:15:60, og ætti þá meðalupphæð lífeyris að verða nálægt:

$$0,25 \times 900 + 0,15 \times 750 + 0,60 \times 600 = 697 \text{ kr.}$$

eða ca. 700 kr. Við eftirfarandi útreikning verður áætlað, að meðalupphæð árlegs lífeyris nemi 700 kr. og að sérhver, sem á rétt á örorkulífeyri eða ellilaunum, fái þá upphæð greidda. Þetta ætti að vera fremur vel í lagt, vegna þess að frumvarpið gerir ráð fyrir, að lífeyrir til hjóna sé lægri en samanlagður lífeyrir ókvænts manns og ógiftrar konu, en framfærðar konur eru hér meðreiknaðar í tölu öryrkja og gamalmenna. Sömuleiðis eru ekkjur þær, er eiga rétt á örorkulífeyri og ellilaunum, meðtaldar í tölu öryrkja og þeirra, er rétt eiga á ellilaunum, svo að kostnaður vegna greiðslu lífeyris til þeirra kemur fram þegar tala öryrkjanna og gamalmennanna er margfölduð með meðalupphæð árlegs lífeyris.

Samkvæmt töflu 1. er rúmur $\frac{1}{3}$ hluti af karlmönnum fjölskyldumenn, en tæp 7% af konum. Við áætlun á kostnaði vegna viðbótargreiðslu til þeirra, er hafa börn innan 15 ára á framfæri sínu, geri ég ráð fyrir, að 50% af karlmönnum og 10% af konum meðal öryrkja hafi hörn á framfæri sínu. Hinsvegar geri ég ráð fyrir, að gamalmennin hafi eigi börn innan 15 ára á framfæri sínu. Ennfremur geri ég ráð fyrir, að 3 börn innan 15 ára komi til jafnaðar á hvern öryrkja, og ætti það að vera vel í lagt, þar sem tala fjölskyldumanna samkvæmt töflu 1. er 7300, en tala barna innan 15 ára ca. 11000, svo að eigi koma 2 börn á hvern fjölskyldumann til jafnaðar. Meðalupphæð uppbótargreiðslu vegna barns innan 15 ára aldurs má reikna á sama hátt og meðalupphæð árlegs lífeyris.

Meðalviðbótargreiðsla vegna 1. barns verður þá:

$$0,25 \times 360 + 0,15 \times 300 + 0,60 \times 240 = 272 \text{ kr.}$$

og vegna annara barna:

$$0,25 \times 240 + 0,15 \times 200 + 0,60 \times 160 = 186 \text{ kr.}$$

Hér verður viðbótargreiðsla vegna 1. barns áætluð 300 kr. og vegna annara barna 200 kr., og ætti það að vera nokkuð meira en vænta má.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að öryrkjar, sem þarfnast stöðugar umömunar annara og eigi geta unnið fyrir sér að neinu verulegu leyti, fái til viðbótar 360 kr. í Reykjavík, 300 kr. í öðrum kaupstöðum og 240 kr. annarsstaðar á landinu. Samskonar uppbótargreiðslur gerir frumvarpið ráð fyrir, að verði greiddar þeim, er njóta ellilauna og hafa náð 75 ára aldri. Til þess þarf þó eigi að taka tillit í þessari áætlun, þar sem hún nær aðeins til fyrstu 10 árána og þeir, sem ellilaun fá á því tímabili, eru undir þeim aldri. Þó halda öryrkjar, sem áður hafa fengið þessa uppbótargreiðslu, áfram að fá hana eftir að þeir verða fullra 65 ára. Hér verður gert ráð fyrir, að þriðjungur öryrkja, yngri en 65 ára, fái þessar viðbótargreiðslur, og að skipting þeirra eftir dvalarstað sé í samræmi við hlutföllin milli íbúatölu dvalarstaðanna, þannig að meðaluppbótargreiðsla verði nálægt:

$$0,25 \times 360 + 0,15 \times 300 + 0,60 \times 240 = 279 \text{ kr.}$$

Hér verður reiknað með, að viðbótargreiðsla nemi í öllum tilfellum 300 kr.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöður þær, er leiðir af framanskráðum íhugunum:

Tafla 7.

Ár	Örorkulífeyrir og ellilaun	Viðbætur vegna barna		Viðbætur vegna hjálpaleyfis	Samtals
		1. barns	Annara		
1.	330400	19800	26400	24000	400600
2.	623700	25100	46800	43500	749100
3.	895300	48000	64000	60000	1067300
4.	1144500	58500	78000	73800	1354800
5.	1382500	67200	96600	85800	1632100
10.	2447200	92400	123200	123300	2786100

Samkvæmt þessu verður væntanlegur kostnaður við elli- og örorkutryggingu þess flokks, sem hér ræðir um, á 1. ári ca. 401000 kr. og hækkandi á næstu árum upp í ca. 2,8 millj. á 10. ári.

Með núverandi fólksfjölda verður kostnaðurinn auðvitað meiri. Síðan 1920 nemur fólksfjölgun ca. 15% af þáverandi fólksfjölda, og má því gera ráð fyrir, að hæfilegt sé að hækka væntanlegan kostnað samkvæmt töflu 7. um ca. 15% vegna fólksfjölgunar. Auk þess má telja líklegt, að af þeim, er stunda ólíkamlega atvinnu, komi talsverður hluti undir tryggingarskylduna samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, en eins og áður er sagt, nam tala framfærenda meðal þeirra tæpum 6% af tölu framfærenda meðal verkafólks, og ætti þá að vera hæfilegt að auka kostnaðaráætlunina í töflu 7. um 20%, til þess að hún gefi nokkurnveginn rétta mynd af væntanlegum kostnaði við elli- og örorkutryggingu þá, er frumvarpið gerir ráð fyrir.

Hér fer á eftir tafla, er sýnir væntanlegan kostnað við elli- og örorkutryggingu, miðað við núverandi fólksfjölda, tölurnar eru þó sléttáðar, svo að þær standa á heilum þúsundum króna:

Tafla 8.

Væntanlegur kostnaður við elli- og örorkutryggingu.

Á 1. ári	kr. 481000
— 2. —	— 899000
— 3. —	— 1281000
— 4. —	— 1626000
— 5. —	— 1959000
— 10. —	— 3343000

Um væntanlegan kostnað við sjúkratryggingu samkvæmt frumvarpinu tel ég nægilegt að visa til eftirfarandi kostnaðaráætlunar, er ég hefi gert fyrir milliþinganefnd þá, er starfaði að undirbúningi tryggingarmálefna:

Kostnaðaráætlun.

Kostnaðinum við sjúkratryggingarnar má skipta í tvo flokka. Annar flokkur kostnaðarliðanna er háður ýmsum atvikum, sem tilviljun ein ræður um. Þetta gildir um dagpeninga, sængurkonupeninga, fjölskyldupeninga og útfararkostnað. Um þessa kostnaðarliði má gera sémilega örugga áætlun, ef tala hinna tryggðu

er tiltölulega stór og lífskjör og atvinnuhættir svipaðir. Ef þessi skilyrði eru uppfyllt, verða tiltölulega litlar breytingar frá ári til árs á tölu þeirra atburða, sem veita rétt til styrks. Þannig sýnir reynslan, að tala veikindadaga fyrir heildarflokk hinna tryggðu verður litlum breytingum háð frá ári til árs, ef samsetning flokksins er óbreytt. Svipað gildir um fæðingar og dauðsföli.

Reynsla, sem viðsvegar er fengin um tölu sjúkradaga, sýnir ótvírætt, að sjúkdómshættan vex með aldrinum. Sömuleiðis hafa sumar atvinnugreinar í för með sér meiri sjúkdómshættu en aðrar. Af þessu leiðir, að ekki er hægt að vænta, að tala veikindadaga verði svipuð frá ári til árs, nema aldurs-samsetning flokksins haldist óbreytt og samsetning flokksins hvað snertir atvinnuhætti raskist ekki verulega.

Ef góðar athuganir eru fyrir höndum um tölu veikindadaga, fæðingar og dauðsföll innan flokksins, nægir það ásamt fastákvörðun sjúkrastyrksins í einstökum tilfellum til þess að gera sæmilega örugga áætlun um kostnaðinn. Þó er nauðsynlegt að hafa sundurliðaða skýrslu um tekjuflokka innan flokksins, ef dagpeningar miðast við tekjur einstaklinganna.

Hinn flokkur kostnaðarliðanna er að visu háður tilviljunum, en er jafnframt og öllu meira kominn undir samningum milli frjáisra aðilja. Þetta gildir um læknishjálp, lyf, ljósmóðurhjálp, meðlagskostnað í sjúkrahúsum og ferðakostnað. Það er því örðugra að gera fyrirfram sæmilega áætlun um þessa kostnaðarliði. Þeir eru sumpart háðir almennu verðlagi á hverjum stað, en jafnframt því, hversu staðhættir allir eru hagkvæmir (dreifð eða þétt byggð, góðar eða torveldar samgöngur o. fl.).

Kostnaðaráætlun sú, sem hér fer á eftir, er að nokkru leyti byggð á ágizkunum, þar sem ýmsar nauðsynlegar upplýsingar vantar. Áætlunin er því fremur gerð í þeim tilgangi að draga upp mynd af fyrirhugaðri starfsemi sjúkratrygginganna, miðað við staðhætti hér á landi, heldur en til hins, að af henni sé hægt að draga ályktun um væntanlegan kostnað við sjúkratryggingar hér á landi. Allar ágizkanir eru þó gerðar með það fyrir augum að fara sem næst hinu sanna.

Hversu há væntanleg tala tryggingarskyldra verður samkv. uppkastinu, fer auðvitað nokkuð eftir því, hvaða tekjuhámark verður sett. Líklegt má þó telja, að aðstoðarfólk og verkafólk í hinum ýmsu atvinnugreinum komi undir tryggingarskylduna.

Samkvæmt manntalinu 1920 var tala aðstoðarmanna og verkamanna í ýmsum atvinnugreinum, börn innan 16 ára og giftar konur, skipt niður í framfær- endur og framfærða, einhleypa menn og fjölskyldumenn, eins og eftirfarandi tafla sýnir:

	Framfærændur					Framfærðir	
	Einhleypir		Fjölskyldufólk		Samtals	Giftar konur	Börn innan 16 ára
	Menn	Konur	Menn	Konur			
Við landbúnað	6225	1650	735	122	8732	380	861
— fiskveiðar	2687	607	2844	134	6272	2245	5266
— handverk og iðn	1107	938	1190	125	3360	965	2023
— verzlun og samg.	1379	563	1826	61	3829	1428	2935
Heimilishjú	18	5782	17	246	6063	13	337
Samtals	11416	9540	6612	688	28256	5031	11422

Það má því gera ráð fyrir, að tala tryggingarskyldra verði að minnsta kosti ekki undir ca. 28200, þar við bætist konur tryggingarskyldra, ca. 5000 að tölu, og börn þeirra innan 15 ára, ca. 10800 að tölu. Samtals nær tryggingarskyldan þá til 44000 manna. Síðan 1920 hefir fólksfjöldinn hér á landi aukizt um ca. 12000, og ætti þá tala tryggingarskyldra og skylduliðs þeirra að vera rúmlega 49000, ef hlutföllin á milli sjálfstæðra atvinnurekenda og þeirra, sem vinna í þjónustu annara, hafa ekki raskazt til muna síðan 1920.

Læknahörfinni getur sjúkratryggingin fullnægt annaðhvort með því að ráða lækna í þjónustu sína, eða með því að semja við einstaka lækna eða samtök læknafélaga um læknabókun samkv. taxa. Til þess að læknahörfingin verði ekki lakari en almennt gerist hér á landi, þarf sjúkratryggingin, ef fyrri leiðin verður valin, að hafa 1 lækni í hverju læknishéraði, að undanskildu Reykjavíkurhéraði, en þar nægir ekki minna en 3—4 lækna. Lækniherað eru 48 hér á landi, og verður þá tala samlagslækna að vera 51. Með 600 kr. föstum mánaðarlaunum verður kostnaðurinn 367200 kr. Ef þessum kostnaði er deilt niður á framfærendur meðal tryggingarskyldra, verður kostnaðurinn pr. framfærenda $367200 : 28200$, eða ca. 13 kr. Þar við bætist kostnaður við aðra læknishjálp, svo sem aðstoð sérfræðinga o. fl. Ef læknakostnaður er áætlaður 17 kr. pr. framfærenda, verða 112200 kr. afgang til þess að greiða síðasttalinn kostnað. Til samanburðar má taka, að læknakostnaður pr. meðlim var að meðaltali 20,56 kr. á ári hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur síðustu 10 árin, og samsvarar það ca. 682600 kr. læknakostnaði fyrir flokk hinna tryggingarskyldu, og nægir sú upphæð fyrir 600 kr. mánaðarlaunum handa 51 lækni, með afgang, sem nemur 315400 kr. til annara lækna, og virðist það fullmikið í lagt.

Fyrirkomulag það með fastráðna lækna, sem hér er stungið upp á, hefir í för með sér, að fjölmennari lækniheraðin bera nokkuð af læknakostnaðinum fyrir hin fámennari herað, og getur þetta skeð á eðlilegan hátt, ef allt landið er gert að starfssviði fyrir eitt sjúkrasamlag, sem ber áhættuna óskipta.

Eftirfarandi tafla sýnir, hvernig tryggingarskyldir framfærendur skiptast niður eftir lækniheraðum, reiknað út eftir mannálinu 1920.

Tala tryggingarskyldra framfærenda innan hvers læknishéraðs		Tala lækni- héraða
Frá 100— 200 tr.sk. framf.	3
— 200— 300 —,,—	11
— 300— 400 —,,—	10
— 400— 500 —,,—	7
— 500— 600 —,,—	4
— 600— 700 —,,—	3
— 700— 800 —,,—	4
— 800— 900 —,,—	0
— 900—1000 —,,—	1
— 1000—1100 —,,—	3
— 1700—1800 —,,—	1
— 6000—7000 —,,—	1

Samtals 48 herað

Þau læknishéruð, sem hafa minna en ca. 550 tryggingarskylda framfær-
endur (þau eru samkvæmt töflunni 31 að tölu), geta ekki borið að fullu lækna-
kostnaðinn með 17 kr. framlagi frá hverjum tryggingarskyldum framfæranda,
enda þótt kostnaðurinn, tekinn sem heild yfir allt landið, fari ekki fram úr þeirri
upphæð. Hin læknishéruðin, 17 að tölu, sem hafa 550 tryggingarskylda framfær-
endur eða fleiri, ættu þá að geta komið af með minna ársframlag pr. trygging-
arskyldan framfæranda, ef tilhögunin verður þannig, að eitt sjúkrasamlag starfi
í hverju læknishéraði, en jafnframt verður læknakostnaðurinn þá þungbærari
fyrir fámennari héruðin.

Að sjálfsögðu verður fyrirkomulagið með fastráðna lækna því aðeins valið,
að ekki verði hægt að komast að hagkvæmari kjörum á annan hátt, t. d. lækna-
þóknun eftir taxa, eða læknaþóknun, sem miðast við tölu samlagsmanna. (Sjá
um læknasamninga og greiðslu læknaþóknunar Compulsory sickness insurance,
síðu 383—390).

Lyfjakostnaður: Samkvæmt síðustu 10 ára reynslu Sjúkrasamlags Reykja-
víkur voru ársútgjöld til lyfja að meðaltali 7,50 kr. pr. meðlim. Þetta samsvarar,
þegar giftar konur eru ekki reiknaðar meðal gjaldenda, ca. 8,83 kr. ársútgjöld-
um pr. tryggingarskyldan framfæranda. Nú má að visu gera ráð fyrir, að kostna-
ður til lyfja verði nokkuð meiri úti um land, þar sem framleiðslukostnaður
lyfja, að öllum líkindum, er meiri þar heldur en í kanpstöðunum. Hinsvegar má
telja líklegt, að sjúkrasamlögin geti með samningum við lyfjabúðir fengið nið-
ursett verð á lyfjum handa meðlimum sínum.

Kostnaður við nudd og böð verður hér áætlaður 2,50 kr. pr. tryggingar-
skyldan framfæranda, og er þar miðað við, að útgjöld norskra héraðasamlaga
til þessa hefir að meðaltali verið tæpar 2 n. kr. pr. framfæranda.

Meðlagskostnaður í sjúkrahúsi: Samkvæmt reynslu Sjúkrasamlags Reykja-
víkur var meðlagskostnaður á sjúkrahúsi að meðaltali 12,80 kr. á ári pr. meðlim,
en það samsvarar fyrir flokk hinna tryggingarskyldu, þegar giftar konur eru
ekki reiknaðar meðal gjaldenda, ca. 15 kr. pr. tryggingarskyldan meðlim.

Útgjöld til dagpeninga: Samkvæmt reynslu viðsvegar að er algengast,
að frá 7 til 10 veikindadagar komi til jafnaðar á hvern sjúkratryggðan meðlim.
(Sjá Compulsory sickness insurance, síðu 211—252). Hér á landi er varla nokk-
ur reynsla fengin um tölu veikindadaga. Með hliðsjón af erlendri reynslu þykir
hæfilegt að áætla 9 og $\frac{1}{2}$ veikindadag árlega til jafnaðar pr. tryggingarskyldan
framfæranda. Í uppkastinn er ekki gert ráð fyrir, að dagpeningar verði greiddir
á sunnudögum, en við það sparast ca. 1 og $\frac{1}{3}$ greiðsludagur. Ennfremur greið-
ast ekki dagpeningar samkvæmt uppkastinu, ef veikindin vara skemur en 3 daga,
en sá sparnaður verður hér áætlaður $\frac{1}{6}$ úr degi. Eftir verða þá 8 veikindadagar
á ári pr. tryggingarskyldan framfæranda, og verða útgjöldin þá samkvæmt upp-
kastinu til jafnaðar pr. tryggingarskyldan framfæranda innan hvers tekjuflokks
eins og hér segir:

1. flokkur, dagpeningar	0,00 kr.
2. ————	6,40 —
3. ————	12,00 —
4. ————	16,80 —
5. ————	20,80 —
6. ————	24,00 —
7. ————	26,40 —
8. ————	28,00 —
9. ————	32,00 —

Þar sem ekki eru fyrir höndum upplýsingar um tekjur verkafólks, verður hér áætlað, að hvert 100 af tryggingarskyldum framfærendum skiptist niður í tekjuflokka eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Tekjuflokkar	Flokkstalan	Útgjöld vegna flokksins
1.	1 af hundraði	0,00 kr.
2.	4 ————	28,60 —
3.	5 ————	60,00 —
4.	6 ————	100,80 —
5.	7 ————	145,60 —
6.	10 ————	240,00 —
7.	15 ————	396,00 —
8.	10 ————	280,00 —
9.	42 ————	1344,00 —
	Samtals 100	2595,00 kr.

Samkvæmt þessari áætlun verða ársútgjöldin til dagpeninga til jafnaðar 25,95 kr. pr. tryggingarskyldan framfæranda. Hér er að visu ekki tekið tillit til þess, að dagpeningar, samkvæmt uppkastinu, greiðast ekki yfir þann tíma, sem sjúklingurinn dvelur í sjúkrahúsi á kostnað samlagsins, en í slíkum tilfellum greiðast stundum fjölskyldupeningar, og ætti þá ofangreind upphæð að vera riflega fyrir hvorutveggja, dagpeningum og fjölskyldupeningum.

Sængurkonupeningar: Samkvæmt mannfjöldaskýrslum hagstofunnar árin 1911—1915 má reikna með, að árlega fæðist ca. 1180 börn innan flokks hinna tryggingarskyldu. Upphæð sængurkonupeninga er samkvæmt uppkastinu háð tekjum konunnar, ef hún er framfærandi sjálf. Hér verður áætlað, að hvert 100 af tryggingarskyldum framfærendum meðal kvenna skiptist þannig niður í tekjuflokka:

Tekjuflokkar	Flokkstalan	Sængurkonupeningar	Flokksútgjöld alls
1.	2 af hundraði	30,00 pr. fæðingu	60,00 kr.
2.	6 ————	38,40 ————	230,40 —
3.	10 ————	72,00 ————	720,00 —
4.	12 ————	100,80 ————	1209,60 —
5.	15 ————	124,80 ————	1872,00 —
6.	20 ————	144,00 ————	2880,00 —
7.	25 ————	158,40 ————	3960,00 —
8.	8 ————	168,00 ————	1344,00 —
9.	2 ————	192,00 ————	384,00 —
	Samtals 100		12660,00 kr.

Hæfilegt virðist að áætla, að ca. 300 fæðingar verði árlega meðal tryggingarskyldra kvenna, sem eru sjálfar framfærendur. Heildarkostnaðurinn við sængurkonupeninga verður þá sem hér segir:

Sængurkonupeningar til 880 mæðra, sem eru giftar tryggingarskyldum mönnum, 30 kr. pr. fæð.	kr. 26400
Sængurkonupeningar til 300 mæðra, sem eru sjálfar tryggingarskyldar	— 37980
	<u>Samtals kr. 64380</u>

Ef þessum kostnaði er deilt jafnt niður á 28200 tryggingarskylda framfærendur, verður kostnaðurinn pr. framfæranda nálægt 2,28 kr.

Ef kostnaður við ljósmóðurhjálp er áætlaður 20 kr. til jafnaðar við hverja fæðingu, samsvarar það ca. 0,82 kr. á ári pr. tryggingarskyldan framfæranda.

Samkvæmt manndauðaskýrslum hagstofunnar frá 1911—1915 má áætla, að árlega verði dauðsföll innan flokksins sem hér segir:

Dauðsföll meðal barna tryggingarskyldra meðlima, 143 árlega, dánarbætur 50 kr.	kr. 7150
Dauðsföll meðal tryggingarskyldra meðlima og skylduliðs þeirra, 354 árlega, dánarbætur 100 kr., kostnaður samtals	— 35400
	<u>Samtals kr. 42550</u>

eða ca. kr. 1,51 pr. tryggingarskyldan framfæranda.

Samtals verður áætlaður kostnaður þá eins og hér segir:

Kostnaðarliðir	Kostnaður pr. tryggingarskyldan framf.	Kostnaður alls
1. Læknishjálp	kr. 17,00	kr. 479400,00
2. Lyf	— 8,83	— 248000,00
3. Nudd og böð	— 2,50	— 70500,00
4. Meðlagskostnaður í sjúkrahúsi	— 15,00	— 423000,00
5. Dagpeningar og fjölskyldupeningar	— 25,95	— 731800,00
6. Sængurkonupeningar	— 2,28	— 64400,00
7. Ljósmóðurhjálp	— 0,82	— 23100,00
8. Útfararkostnaður	— 1,51	— 42600,00
9. Ferðakostnaður lækna og sjúklinga	— 3,00	— 84600,00
10. Framkvæmdarstjórn	— 5,00	— 141000,00
	<u>Samtals kr. 81,89</u>	<u>kr. 2308400,00</u>

Áætlaður kostnaður verður samkvæmt þessu tæpar $2\frac{1}{3}$ millj. kr., eða ca. 82 kr. pr. tryggingarskyldan framfæranda. Kostnaðaráætlunin er öll miðuð við fólksfjöldann 1920, og má gera ráð fyrir, að heildarkostnaðurinn með núverandi fólksfjölda verði ca. 10% hærri.

Hinsvegar má telja líklegt, að kostnaðurinn pr. tryggingarskyldan framfæranda sé fremur riflega áætlaður, miðað við núverandi fólksfjölda, þar sem sumir kostnaðarliðirnir aukast ekki hlutfallslega eins ört og fólksfjöldinn eða tala tryggingarskyldra.

Til samanburðar við kostnaðaráætlunina má taka, að sjúkrakostnaður

norskra héraðasamlaga var árið 1928 60,21 n. kr. pr. tryggingarskyldan meðlim. Það samsvarar 73,46 ísl. kr. með gengi 122. Norsk héraðasamlög veita ekki meðlimum sínum ókeypis lyf, en lyfjakostnaður var hér áætlaður 8,33 kr. Ef lyfjakostnaður er dreginn frá áætluðum kostnaði, verða eftir $81,89 \div 8,83 = 73,06$ kr. Mismunurinn á kostnaðaráætluninni og raunverulegum kostnaði norskra héraðasamlaga árið 1928 er því óverulegur.

Framanskráð kostnaðaráætlun við sjúkratryggingu er miðuð við lögskipaða skyldutryggingu fyrir alla (án tillits til aldurs), er vinna í þjónustu annara, og með svipuðu fyrirkomulagi og sjúkratrygging sú, er frumvarp um alþýðutryggingar gerir ráð fyrir, að því undanskildu, að dagpeningar voru áætlaðir nokkru lægri en frumvarpið gerir ráð fyrir, og því, að stjórnarkostnaður var talinn með í kostnaðaráætluninni. Samkvæmt þessari kostnaðaráætlun nemur kostnaður pr. tryggingarskyldan framfæranda ca. 82 kr., og hygg ég, að það muni láta nærri, einnig hvað snertir væntanleg útgjöld vegna sjúkratryggingar þeirrar, er frumvarpið felur í sér.

Samkvæmt töflu 2. hér að framan er tala framfæranda meðal verkafólks á aldrinum 15—64 ára 26636. Tala núverandi framfæranda, er falla undir hina lögboðnu sjúkratryggingu samkvæmt frumvarpinu, ætti þá að verða 20% hærri, eða 31963, eða ca. 32 þúsund. Væntanlegur heildarkostnaður við sjúkratrygginguna verður samkvæmt því kr. 2624000 á ári.

Um væntanlegan kostnað við greiðslu atvinnuleysisstyrks samkvæmt frumvarpinu er erfitt að segja fyrirfram. Þær athuganir, sem hafa verið gerðar um atvinnuleysi hér á landi, eru taldar mjög óáreiðanlegar, og ná þær auk þess of skammt aftur í tímann, til þess að nokkuð sé hægt að styðjast við þær. Þó hygg ég, að af þeim athugunum megi draga þá ályktun, að hér hafi eigi verið að ræða um verulega mikið atvinnuleysi, samanborið við reynslu flestra Evrópuríkja á undanfórnum árum. Vafalaust má þó telja, að atvinnuleysi hafi verið óvenjulega mikið eftir islenzkum mælikvarða á síðastliðnum tveim árum, og má án efa rekja orsökina til þess til hins tilfinnanlega verðfalls á aðalútflutningsvörum vorum. Fyrir 1930 mun um nokkurt árabíl eigi hafa verið atvinnuleysi svo teljandi sé; þó má ganga að því visu, að veðráttufar að vetrinum muni jafnan orsaka stöðvun á vinnu til lands og sjávar, og getur atvinnuleysi það, sem af því stafar, talizt normalt. Það atvinnuleysi, sem stafar af áhrifum utan að, vegur þó sennilega meira, og má því gera ráð fyrir, að atvinnuleysi hér fylgi nokkurnveginn þeim verðsveiflum, sem verða á aðalútflutningsvörum vorum, eða hinum almennu verðlagssveiflum, sem hafa gert vart við sig síðan snemma á síðustu öld, þannig að lægst verðlag og mesta atvinnuleysi fylgist nokkurnveginn að.

Væntanleg tillög til atvinnutryggingarsjóðs má því eigi miða eingöngu við atvinnuleysið þegar það er mest, né heldur þegar það er minnst, heldur þannig, að væntanleg tillög til atvinnutryggingarsjóðs verði svo rifleg, að í öryggissjóð atvinnutryggingarinnar safnist nægilegt fé, þegar atvinnuleysið er lítið, til þess að mæta útgjöldunum þegar atvinnuleysið er mest, þannig að árlegt tillag verði sem næst meðalútgjöldum til atvinnuleysisstyrks yfir lengra tímabil.

Áður en nokkur reynsla er fengin, má auðvitað deila um það, hve hátt er hæfilegt að áætla meðalútgjöldin. Hér verða þau áætluð 1,2 millj. kr., en reynslan verður að skera úr því, hvort það er hæfilegt eða eigi.

Samkvæmt frumvarpinu eiga ekki aðrir rétt á atvinnuleysisstyrk en þeir, er verið hafa meðlimir stéttarfélaganna innan Alþýðusambands Íslands í minnst 26 vikur, þó því aðeins, að þeir séu tryggingarskyldir samkvæmt 1. gr. frumvarpsins. Meðlimatala í slíkum stéttarfélögum mun nú vera ca. 7500. Nú má gera ráð fyrir, að meðlimatalan aukist, ef frumvarpið verður að lögum. Þó hygg ég, að hæfilegt sé að áætla, að aukningin verði varla meiri en svo, að meðlimatalan tvöfaldist. Erlend reynsla hefir sýnt, að örðuglega gengur að safna verkafólki til sveita um slík stéttarfélög, jafnvel þótt þau séu styrkt af ríkinu til þess að setja á stofn tryggingarsjóði gegn atvinnuleysi, og þykir mér líklegt, að svipuð verði reynslan hér.

Samkvæmt frumvarpinu eiga ekki aðrir rétt á atvinnuleysisstyrk en þeir, vinnutryggingunni aukin útgjöld, veitt styrk til verklegra framkvæmda, sem hafa það markmið að veita vinnu atvinnulausum mönnum og konum. Hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélag leggur þá fram $\frac{3}{5}$ kostnaðar, og verður þá, ef upphæð sú, er ég hefi áætlað í meðalkostnað vegna atvinnutryggingarinnar, reynist hæfileg, svigrúm fyrir atvinnutryggingarsjóð til þess að styrkja verklegar framkvæmdir í atvinnubótaskyni fyrir allt að 3 millj. kr., eða sem svarar 200 kr. til jafnaðar pr. meðlim, ef áætlun mín um væntanlega meðlimatölu reynist nærri sanni.

Samkvæmt framanskráðu verður væntanlegur kostnaður við hinar 3 greinar alþýðutryggingarinnar samkvæmt frumvarpinu eins og hér segir:

Tafla 9.

Ár	Elli- og örorkutrygging	Sjúkratrygging	Atvinnuleysisstrygging	Samtals
1.	481000	2624000	1200000	1305000
2.	899000	2624000	1200000	4723000
3.	1281000	2624000	1200000	5105000
4.	1626000	2624000	1200000	5450000
5.	1959000	2624000	1200000	5783000
10.	3343000	2624000	1200000	7167000

Eftirfarandi tafla sýnir kostnaðarskiptinguna samkvæmt frumvarpinu á milli vinnukaupenda, ríkis og sveita:

Tafla 10.

	Vinnukaupendur	Ríki	Sveitir
1. ár	2583000	861000	861000
2. ár	2833800	944000	944000
3. ár	3063000	1021000	1021000
4. ár	3270000	1090000	1090000
5. ár	3469800	1156600	1156600
10. ár	4300200	1433400	1433400

Samkvæmt frumvarpinu greiða vinnukaupendur hlutdeild sína í kostnaðinum á þann hátt, að hver þeirra greiðir fastákveðinn hundraðshluta af verka-launum þeirra, er vinna í þjónustu hans. Til þess að gera sér hugmynd um, hversu mikill þessi hundraðshluti þarf að vera, áætla ég meðalkaupgjald karlmanns 1800 kr. og kvenmanns 1200 kr. Nú eru samkvæmt töflu 2 17134 karlmenn og ca. 9500 konur á aldrinum 15 til 64 ára, eða ef þessar tölur eru hækkaðar um 20% til þess að samræma þær við núverandi fólksfjölda, 20561 karlmenn og 11400 konur. Samanlagðar árstekjur þessa fólks verða þá, ef áætlaðar meðaltekjur reynast nærri sanni, ca. 50700000 kr., og verður hinn fasti hundraðshluti þá á 1. ári rúm 5%, er hækkar og verður á 10. ári tæp 8½%.

Reykjavík, 20. marz 1932.

Árni Björnsson.